



Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Greinargerð

Júní 2014

Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030
Greinargerð

Mars 2014

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	28.02.2013	SK/ST		
2	08.03.2013	SK/SGT		
3	17.05.2013	SK/ST/SGT		
4	09.09.2013	SK/ST/SGT		
5	24.09.2013	SK/ST/SGT		
6	10.12.2013	SK/ST/SGT	SK/SGT	SK
7	11.03.2014	SK/ST/SGT	SK/ST/SGT	SK
8	16.06.2014	SK/ST/SGT	SK/ST/SGT	SK

Samþykktir

Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 sem hefur fengið meðferð skv. 30., 31. og 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann

Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030 var staðfest af Skipulagsstofnun, skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þann

Efnisyfirlit

1 Inngangur	8	5.1 Höfn	22
1.1 Ávarp	8	5.2 Nesjahverfi	24
1.2 Um endurskoðun aðalskipulagsins	9	6 Dreifbýli - sveitirnar	24
1.3 Framsetning aðalskipulagsins	9	6.1 Stefna	24
2 Markmið og áherslur aðalskipulags	10	7 Ferðapjónusta	26
FORSENDUR	12	7.1 Ferðapjónusta	26
3 Forsendur	13	8 Vatnajökulspjóðgarður	30
3.1 Skipulagssvæðið	13	8.1 Markmið þjóðgarðsins	30
3.2 Stefna og skuldbindingar stjórnvalda	13	8.2 Stefna	30
3.3 Þróun íbúafjölda	13	8.3 Breytingar frá fyrra aðalskipulagi	31
3.4 Samgöngur	15	9 Samgöngur	31
3.5 Atvinna	16	9.1 Stefna	31
3.6 Opinber þjónusta	18	10 Veitur	32
3.7 Vatnajökulspjóðgarður	18	11 Úrgangsmál	32
3.8 Útivist og tómstundir	19	11.1 Stefna	32
3.9 Staðhættir og náttúrufar	19	12 Efnistaka og efnislosun	33
3.10 Veðurfar	20	12.1 Stefna	33
3.11 Náttúruvá	20	LANDNOTKUNARFLOKKAR	34
STEFNA AÐALSKIPULAGS HORNAFJARÐAR	21	13 Inngangur	35
4 Inngangur	22	14 Íbúðarbyggð (ÍB)	35
5 Þéttbýli	22	14.1 Íbúðarbyggð á Höfn	35
		14.2 Íbúðarbyggð í Lóni	36
		14.3 Íbúðarbyggð í Nesjahverfi	36

14.4	Íbúðarbyggð á Mýrum	37	19.5	Breytingar frá fyrra skipulagi	46
14.5	Skilmálar fyrir íbúðarbyggð	37	20	Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	46
15	Miðsvæði (M)	37	20.1	Skilmálar vegna efnisnáms	47
15.1	Breytingar frá fyrra skipulagi	38	20.2	Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Höfn	48
16	Verslun og þjónusta (VP)	38	20.3	Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Lóni	48
16.1	Verslun og þjónusta á Höfn	39	20.4	Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Nesjum	49
16.2	Verslun og þjónusta í Nesjahverfi og sveitunum	40	20.5	Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Mýrum	49
16.3	Skilmálar fyrir verslun og þjónustu	41	20.6	Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Suðursveit	50
16.4	Breytingar frá fyrra skipulagi	41	20.7	Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Örafum	50
17	Samfélagsþjónusta (S)	42	20.8	Breytingar frá fyrra skipulagi	50
17.1	Samfélagsþjónusta á Höfn	42	21	Frístundabyggð (F)	52
17.2	Samfélagsþjónusta í sveitunum	43	21.1	Frístundabyggð í Lóni	52
17.3	Skilmálar fyrir samfélagsþjónustu	43	21.2	Frístundabyggð í Nesjum	52
17.4	Breytingar frá fyrra skipulagi	43	21.3	Frístundabyggð á Mýrum	52
18	Athafnasvæði (AT)	43	21.4	Frístundabyggð í Suðursveit	53
18.1	Athafnasvæði á Höfn	43	21.5	Frístundabyggð í Örafum	53
18.2	Skilmálar fyrir athafnasvæði	44	21.6	Skilmálar fyrir frístundabyggð	53
18.3	Breytingar frá fyrra skipulagi	44	21.7	Breytingar frá fyrra skipulagi	53
19	Iðnaðarsvæði (I)	44	22	Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	53
19.1	Sorpurðunar- og endurvinnslusvæði	45	22.1	Afþreyingar- og ferðamannasvæði á Höfn	53
19.2	Skólþdælustöð	45	22.2	Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Lóni	53
19.3	Önnur iðnaðarsvæði	45	22.3	Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Nesjum	54
19.4	Skilmálar á iðnaðarsvæðum	45	22.4	Afþreyingar- og ferðamannasvæði á Mýrum	54
			22.5	Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Örafum	54

22.6 Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Suðursveit	55	28.1 Skilmálar	62
22.7 Skilmálar fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði	55	28.2 Helstu breytingar frá fyrra skipulagi	62
22.8 Breytingar frá fyrra skipulagi	55	29 Grunngerfi og helgunarsvæði (G)	62
23 Íþróttasvæði (ÍÞ)	55	29.1 Vatnsveita	62
23.1 Íþróttasvæði á Höfn og í Nesjum	55	29.2 Hitaveita	62
23.2 Breytingar frá fyrra skipulagi	56	29.3 Rafveita	63
24 Kirkjugarðar og grafreitir (K)	57	29.4 Fráveita	63
24.1 Breytingar frá fyrra skipulagi	57	29.5 Fjarskipti	64
25 Opin svæði (OP)	57	29.6 Breytingar frá fyrra skipulagi	64
25.1 Opin svæði á Höfn	57	30 Landbúnaðarsvæði (L)	64
25.2 Breytingar frá fyrra skipulagi	58	30.1 Breytingar frá fyrra skipulagi	64
26 Samgöngur	58	31 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) / rofsvæði (RS)	65
26.1 Hringvegur	58	31.1 Aðgerðir vegna landgræðslu	68
26.2 Tengivegir	58	31.2 Breytingar frá fyrra skipulagi	68
26.3 Héraðsvegir	59	32 Óbyggð svæði (ÓB)	68
26.4 Landsvegir	59	32.1 Breytingar frá fyrra skipulagi	68
26.5 Gatnakerfi á Höfn	59	33 Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)	69
26.6 Göngu-, hjóla- og reiðstígar	59	33.1 Breytingar frá fyrra skipulagi	69
26.7 Skilmálar fyrir samgöngur	59	34 Vötn, ár og sjór (V)	69
26.8 Breytingar frá fyrra skipulagi	60	34.1 Skilmálar fyrir vötn og sjó	69
27 Flugvellir (FV)	61	34.2 Skilmálar vegna varnargarða	70
27.1 Breytingar frá fyrra skipulagi	61	34.3 Skilmálar við smávirkjanir	70
28 Hafnir (H)	61		

34.4 Breytingar frá fyrra skipulagi	70
35 Vatnsból (VB)	70
35.1 Breytingar frá fyrra skipulagi	70
36 Strandsvæði (ST)	71
36.1 Breytingar frá fyrra skipulagi	71
37 Varnar- og Öryggissvæði (VÖ)	71
38 Takmarkanir á landnotkun	71
38.1 Náttúruvá (NV)	71
38.2 Hindranafletir flugvalla (HF)	74
38.3 Friðlýst svæði (FS)	74
38.4 Önnur náttúruvernd (ÖN)	75
38.5 Svæði á náttúruverndaráætlun	77
38.6 Minjavernd (MV)	77
38.7 Minjavernd í aðalskipulagi	78
38.8 Vatnsvernd (VV)	79
38.9 Hverfisvernd (HV)	80
39 Umhverfismat Aðalskipulags Hornafjarðar	82
40 Heimildir	83

1 Inngangur

1.1 Ávarp

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030

Endurskoðun á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur staðið yfir undanfarin misseri. Undirbúningur hennar hófst árið 2007 en vinnan hófst fyrir alvöru á vormánuðum 2012 og hefur Umhverfis- og skipulagsnefnd stýrt henni allan tímann. Nefndin hefur haldið íbúafundi til að kynna skipulagið og einnig hefur það verið aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins. Öllum lögbundnum aðilum sem þurfa að koma að breytingum á aðalskipulagi var gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir ásamt íbúum. Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar var auglýst hinn 17.12.2013 og rann athugasemdafrestur út 12.2.2014. Unnið var úr þeim athugasemdum sem bárust eins og lög gera ráð fyrir.

Aðalskipulag sveitarfélags er heildstæð stefna er varðar marga mikilvæga þætti í þróun hvers samfélags. Samfélagið við rætur Vatnajökuls hefur þróast og breyst umtalsvert á undanförunum árum. Margt hefur þar komið til -breytingar í grunnatvinnuvegum, aukinn straumur ferðamanna til svæðisins, uppbygging öflugs nýsköpunar- og þekkingarstarfs í Nýheimum o.fl. Aðalskipulaginu er ekki ætlað að vera ein allsherjar lausn fyrir öll okkar viðfangsefni eða að það geti staðið óhaggað ólíkt öðrum mannanna verkum til langrar framtíðar. Engu að síður var haft að leiðarljósi við vinnu að þessu skipulagi að vera mótandi um framtíðina – að reyna eftir fremsta megni að hafa áhrif á hvernig samfélagið okkar þróast á næstu árum.

Við þær breytingar sem gerðar hafa verið höfum við leitast við að láta þau gæði sem íbúar sveitarfélagsins búa við ráða ferðinni og reynt að gera þeim hátt undir höfði svo bæði íbúar og gestir geti notið okkar stórfenglegu náttúru og mannlífs.

Í dreifbýlinu er leitast við að hlífa góðum ræktarlöndum við byggingum og settar kvaðir í aðalskipulagi svo að hægt sé að skylda menn við gerð deiliskipulaga til að huga að útliti, byggingarefnum, tengingu við þá byggð sem fyrir er og að þeir sem ætla að fara í mikla uppbyggingu geri grein fyrir hliðaráhrifum slíkra framkvæmda.

Í þéttbýlinu er leitast við að þetta byggð lítillega, bjóða upp á fjölbreyttari lóðir en jafnframt varðveita sérstöðu Hafnar með sína voga og víkur með þó þeirri undantekningu að færsla á þjóðveginum yfir Hornafjarðarfljót er staðfest. Horfið er frá vegi út á Ægisíðu og uppbyggingu þar en Faxeyrahöfn er áfram höfð inni á skipulaginu og sýndar hugmyndir um áfangaskiptingu hennar. Talsvert vatn á þó trúlega eftir að renna til sjávar áður en farið verður í framkvæmdir við hana.

Nefndarmönnum og starfsfólki sveitarfélagsins er þökkuð vinnan við aðalskipulagið og áhugasömum íbúum sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag. Vonandi sjá þeir handbragð sitt á nýju aðalskipulagi. Sigbjörn Kjartansson og samstarfsfólk hans hjá Glámu-Kími og VSÓ Ráðgjöf fá þakkir fyrir þeirra starf.

F.h. umhverfis- og skipulagsnefndar,
Ásgrímur Ingólfsson, formaður.

1.2 Um endurskoðun aðalskipulagsins

Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur látið endurskoða Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Skipulagstímabil endurskoðaðs aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar er 16 ár, frá 2014 til 2030.

Reiknað er með að aðalskipulagið verði endurskoðað reglulega, eða á u.þ.b. fjögurra ára fresti.

1.3 Framsetning aðalskipulagsins

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar er sett fram í greinargerð, aðalskipulagsuppdráttum og þemakortum í greinargerð. Umhverfisskýrsla er hluti greinargerðar.

Aðalskipulagsuppdrættir eru:


Sveitarfélagsuppdráttur er skipulagsuppdráttur til staðfestingar sem sýnir allt sveitarfélagið, í mkv. 1:100.000. Á uppdrættinum eru auðkennd svæði sem gerð er grein fyrir á öðrum uppdráttum – í stærri mælikvarða.

Sveitarfélagsuppdráttur – Nes og Lón er skipulagsuppdráttur til staðfestingar sem sýnir hluta sveitarfélagsins, í mkv. 1:50.000. Á uppdrættinum eru auðkennd svæði sem gerð er grein fyrir á þéttbýlisuppdrætti.

Sveitarfélagsuppdráttur – Suðursveit er skipulagsuppdráttur til staðfestingar sem sýnir hluta sveitarfélagsins, í mkv. 1:50.000. Á uppdrættinum eru auðkennd svæði sem gerð er grein fyrir á öðrum uppdráttum.

Sveitarfélagsuppdráttur – Örnefi er skipulagsuppdráttur til staðfestingar sem sýnir hluta sveitarfélagsins, í mkv. 1:50.000.

Þéttbýlisuppdráttur - Höfn / Nesjahverfi er skipulagsuppdráttur til staðfestingar sem sýnir þéttbýliskjarnana á Höfn og í Nesjahverfi, og næsta nágrenni þeirra, í mkv. 1:15.000.



2 Markmið og áherslur aðalskipulags

Meginmarkmið endurskoðunar aðalskipulags Hornafjarðar voru að móta aðalskipulag með áherslu á:

- ▶ Eflingu byggðar og landnotkun með áherslu heilbrigði og öryggi og efnahagslegar, félagslegar og menningarlegir þarfir að leiðarljósi.
- ▶ Skynsamlega og hagkvæma nýtingu lands og landsgæða, að tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir spjöll og ofnýtingu.
- ▶ Að almannahagsmunir ráði för við opinberar ákvarðanir.
- ▶ Að stuðla að gegnsærri og opinni stjórnsýslu þar sem allir íbúar eigi kost á að koma skoðun sinni á framfæri
- ▶ Faglegan undirbúning mannvirkjagerðar.

Helstu viðfangsefni sem unnið var að við endurskoðun skipulagsins:

- ▶ **Þéttbýlið á Höfn** – þróun samfélags og byggðar – líkleg og æskileg þróun.
- ▶ **Landbúnaður og landbúnaðarsvæði** – þróun samfélags og landnytja, búskaparháttar og byggðar – líkleg og æskileg þróun.
- ▶ **Vatnajökulspjóðgarður** – möguleg stækkun, jaðarsvæði, aðkoma, samlegðarhrif – náttúruvernd, útivist og byggðapróun. Horft til stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.

- ▶ **Ferðapjónusta þróun og stefnumótun.** Horft til Ferðamálaáætlunar 2011-2020 og Sóknaráætlunar 2020.
- ▶ **Íbúðabyggð í Öræfum** – þróun samfélags og þörf fyrir íbúðasvæði.
- ▶ **Hornafjarðarhöfn** – innsiglingin, Faxeyrarhöfn – dýpkunaraðgerðir og landburður fyllingarefnis, mannvirki, möguleikar á nýtingu og þróun, takmarkanir og kostir. Tekið mið af samgönguáætlun 2011-2022.
- ▶ **Samgöngur á landi** – Hringvegur 1, líkleg og æskileg þróun, áformaðar breytingar skv. samgönguáætlun og stefnu sveitarfélagsins. Horft til samgönguáætlunar 2011-2022 sem og viðeigandi áætlana eins og Ferðamálaáætlunar 2011-2020.
- ▶ **Hornafjarðarflugvöllur** – innanlandsflug og samgöngustefna – líkleg og æskileg þróun, staða og hlutverk Hornafjarðarflugvallar, stefna sveitarfélagsins. Tekið mið af samgönguáætlun 2011-2022.
- ▶ **Breytingar í orkumálum / hitaveita** – möguleikar á orkusparnaði og orkuvinnslu í sveitarfélaginu / nýtingu jarðhita. Tekið mið af stefnu í Velferð til framtíðar, stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi eftir atvikum.
- ▶ **Vatnsvernd og nýting vatnsbóla.** Horft til þeirrar vinnu sem stendur yfir vegna vatnaáætlunar 2011-2015.
- ▶ **Landbrot og gróðureyðing** – viðbrögð / landgræðsla. Tekið mið af aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þar sem það á við.

Horft til Landgræðsluáætlunar 2003-2014 og yfirlitsskýrslu Siglingastofnunar Íslands um sjóvarnir 2011.

- ▶ **Verndun söguminja.**
- ▶ **Útivist / gönguleiðir**, vernd og stýring viðkvæmra svæða. Tekið mið af gildandi náttúruverndaráætlun og upplýsingum um svæði á náttúruminjaskrá.
- ▶ **Stofnveita raforku** – áform um nýjar flutningslínur / leiðir og skilyrði. Horft til kerfisáætlunar Landsnets (2012-2016 og langtímaáætlun til 2026).
- ▶ **Fráveita og sorpflokkun og -förgun.** Tekið mið af stefnu í Velferð til framtíðar, stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi og landsáætlun um úrgang 2013-2024.
- ▶ **Efnistökusvæði.** Afmarkaðir efnistökuastaðir, umfang og skilmálar. Horft til upplýsinga í gildandi náttúruverndaráætlunum, afmarkana verndarsvæða og svæða á náttúruminjaskrá.
- ▶ **Náttúruvá.** Tekið mið af upplýsingum í fyrirbyggjandi skýrslum um náttúruvá.
- ▶ **Staðardagskrá 21** fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Tekið mið af stefnu í Velferð til framtíðar, stefnumörkun um sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi.

Tekið var mið af áherslum í drögum að Landsskipulagsstefnu 2013-2024, sem birt voru 2012.


FORSENDUR

3 Forsendur

3.1 Skipulagssvæðið

Sveitarfélagið Hornafjörður nær yfir alla Austur-Skaftafellssýslu, frá Skeiðarársandi í vestri til Lónsheiðar í austri, frá strönd í suðri að mærum nágrannasveitafélaga í fjallendi og jöklum í norðri.

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar nær til alls lands þess.



Mynd 3.1 Afmörkun skipulagssvæðis


3.2 Stefna og skuldbindingar stjórnvalda

- ▶ Þingsályktun um landsskipulagsstefnu (til hliðsjónar).
- ▶ Samgönguáætlun 2011-2014.
- ▶ Samgönguáætlun 2011-2022.
- ▶ Náttúruminjaskrá.
- ▶ Vatnajökulspjóðgarður.
- ▶ Náttúruverndaráætlun 2009-2013.
- ▶ Byggðaáætlun.


3.3 No index entries found. Þróun íbúafjölda

Íbúum í sveitarfélaginu Hornafirði fækkaði samfelld frá árinu 1997 fram til ársins 2010 en hefur síðan fjölgað lítillega.


Fyrsta janúar 2013 bjuggu 2.166 manns í sveitarfélaginu en voru 2.446 árið 1999. Að jafnaði hefur íbúum fækkað um 0,9% á ári hverju á tímabilinu.



Aldurs- og kynjasamsetning er að flestu leyti í samræmi við samsetningu íslensku þjóðarinnar. Þó má benda á að ung börn (0-9 ára) eru nokkuð færri en búast mætti við og færri konur á þrítugs- og fertugsaldri en aldurssamsetning Íslendinga gæti gefið til kynna. Sömuleiðis eru karlmenn á fertugsaldri hlutfallslega færri í sveitarfélaginu en eldri karlmenn eru fleiri en vænta mætti.



Til framtíðar mætti ætla að íbúapróun verði í takt við lágspá mannfjöldaspár Hagstofunnar, þ.e. að íbúum geti fjölgað um tæpt 1% árlega en að svo hægi á vexti niður í 0,5% eftir því sem á líður til ársins 2030. Hugsanlega getur verið skynsamlegra að líta til þess íbúafjölda sem sveitarstjórn telur raunhæft að búi í sveitarfélaginu til framtíðar. Til dæmis mætti setja fram markmið um að íbúar verði ekki færri en 2.200 í lok skipulagstímabilsins en að íbúum gæti fjölgað í allt að 2.400 manns.




3.4 Samgöngur

Landsamgöngur eru greiðar um þjóðveg 1 en brýr eru margar einbreiðar og standast ekki kröfur sem nú eru gerðar til slíkra mannvirkja. Vegur um Hvalnesskriður er varhugaverðasti vegkaflinn á þjóðvegi 1 í sveitarfélaginu.

Sumarumferðin (SDU) um Hringveginn jókst jafnt og þétt til ársins 2008 en þá dró úr umferð til ársins 2011. Umferð hefur aukist að nýju frá 2011 og árið 2012 var hún 900 bílar á sólarhring, sem er um 40% aukning frá árinu 2000 (sjá mynd 3.5). Meiri umferð og meiri sveiflur einkenna sumarumferðina á Hafnarvegi. Ársdagsumferð (ÁDU) er nokkru minni en

sumarumferðin og er aukningin að sumri væntanlega mikið tengd ferðamennsku.




Fjölfarnir fjallvegir liggja að Skálafellsjökli í Suðursveit og um Dalsheiði og Kjarrdalsheiði að Lónsöræfum, þeir eru báðir landsvegir og í umsjón Vegagerðarinnar. Á Breiðamerkursandi veldur sjávargangur landbroti sem gæti ógnað þjóðvegi 1 innan fárra ára.

Skipulagðar flugsamgöngur fara um Hornafjarðarflugvöll. Á vellinum er 1.500 m löng flugbraut, ágæt flugstöðvarbygging og svigrúm til frekari uppbyggingar á fluglaði.

Hornafjarðarhöfn er eina höfn strandlengjunnar frá Djúpavogi að Bakkafjöru. Mikilvægi hennar er ótvírætt fyrir atvinnulíf í

sveitarfélaginu og undanfarið hefur staða hennar verið treyst með umbótum á innsiglingunni um Hornafjarðarós. Mikilvægt er að rannsóknum á Hornafjarðarósi og áframhaldandi umbótum á innsiglingunni um Hornafjarðarós verði framhaldið.



Mynd 3.6 Löndun heildar afla í Hornafjarðarhöfn 2002-2011 og skipastóll 2002-2012.

3.5 Atvinna


Á Höfn er stunduð öflug útgerð og fiskvinnsla og ýmis iðnaður. Þar er verslunar- og þjónustukjarni sveitarfélagsins, miðstöð heilbrigðisþjónustu, félagslegrar þjónustu og skólamála.

Í Lóni, Nesjum, á Mýrum, í Suðursveit og Örafum er stundaður hefðbundinn landbúnaður. Landbúnaðurinn hefur aðlagð sig að breyttum aðstæðum þar sem meðal annars er lögð áhersla á aukna verðmætasköpun matvæla. Búgreinar s.s. loðýrarækt, fiskeldi og alifuglarækt, korn- og repjurækt er að finna í sveitarfélaginu.

Nýjar atvinnugreinar í tengslum við vinnslu á ýmsum jarðefnum s.s. vatni og grjóti eru að ryðja sér til rúms.

Uppgangur hefur verið í þjónustu við ferðamenn í öllu sveitarfélaginu. Ferðaþjónusta hefur fest sig í sessi sem atvinnugrein. Í sveitarfélaginu eru starfrækt hótél, gistiheimili, bændagisting, veitingastaðir og ýmis konar afþreyingarfyrirtæki. Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn eru í Skaftafelli og á Höfn.

Samkvæmt samantekt Ferðamálastofu (2013) heimsóttu 47,6% erlendra ferðamanna Skaftafell að sumri til og 20,5% Hornafjörð á tímabilinu 2011-2012 (sjá mynd 3.6). Yfir veturinn voru hlutföllin 22,8% og 13,0% og var Hornafjörður 10. fjölsóttasti ferðamannastaðurinn á Íslandi.




Mynd 3.7 Staðir sem erlendir ferðamenn heimsóttu 2011-2012

Grundvöllur ferðapjónustunnar er, umfram annað, fjölbreytt og sérstök náttúrufegurð. Fjöldmörg svæði skera sig úr sem aðalaðdráttarafl fyrir ferðamenn og ber þar að nefna, Skaftafell, Ingólfshöfða, Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Skálafellsjökul og Lónsöræfi. Margvísleg þjónusta hefur verið byggð upp í kringum hvert þeirra og hefðir skapast í umgengni.

Á Suðurlandi var framboð rúma á hótélum og gistiheimilum um 3.830 árið 2012. Þar af eru um 1.340 í Sveitarfélaginu Hornafirði (Ferðamálastofa, 2013). Samkvæmt tölum frá Ferðamálastofu hefur aukning á fjölda gistinóttu á Suðurlandi verið talsvert minni

en á landinu öllu (sjá mynd 3.8), sem gefur tilefni til að nýta betur þau tækifæri sem felast í ferðamennsku á Suðurlandi.

Árið 2011 voru gistinætur í sveitarfélaginu 150.000 og er áætlað að þeim hafi fjölgað um 10% árið 2012. Áætlaður heildargestafjöldi í Hornafirði árið 2012 var yfir 400.000 (Þorvarður Árnason, 2013). Gistirými er fullt yfir háannatímamann, eða yfir 100 daga á ári, en nýting gistirýma er um 30-40% á ársgrundvelli (Gísli Rúnar Sigurðsson, 2013).




Mynd 3.8 Fjöldi gistinátta á Íslandi og Suðurlandi.

3.6 Opnber þjónusta

Nýheimar er öflugt rannsóknar-, nýsköpunar-, mennta- og menningarsamfélag. Þar er framhaldsskóli, bókasafn, menningarmiðstöð, háskólasetur og aðstaða fyrir fyrirtæki sem styðja við nýsköpun í atvinnurekstri. Menningarmiðstöð Hornafjarðar, sem hefur aðsetur í Nýheimum, starfrækir alhliða safn á sviði náttúru- og þjóðfræða m.a. listasafn, náttúrugripasafn, bókasafn, skjalasafn, sjóminjasafn og byggðasafn.

Við Heilbrigðisstofnun Suð-Austurlands á Höfn er starfrækt öflug heilsugæsla, dvalarheimili, dagvist og hjúkrunardeild, ásamt bráða- og fæðingarþjónustu.

Grunnskólar eru í Hofgarði og á Höfn, tveir leikskólar eru á Höfn og leikskóladeild í Hofgarði. Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu er í Nýheimum og Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu í Sindrabæ á Höfn.



3.7 Vatnajökulspjóðgarður

Vatnajökulspjóðgarður var stofnaður 7. júní. 2008. Hann er að stórum hluta innan marka sveitarfélagsins.

Í Vatnajökulspjóðgarði er unnið eftir *Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs*, sem taka ber tillit til við skipulag aðliggjandi svæða.

Bundnar eru vonir við að þjóðgarðurinn muni efla og styrkja samfélag sveitarfélagsins og stuðla að öflugri atvinnuuppbyggingu í tengslum við ferðaþjónustu.

3.8 Útivist og tómstundir

Útivist og íþróttaiðkun gegnir æ stærra samfélagslegu hlutverki og nýtur sífellt meiri vinsælda. Kröfur eru gerðar um fullkomna leikvanga og mannvirki svo fólk geti stundað skipulagðar íþróttir og heilsurækt. Jafnframt því er útivist í ósnortinni náttúru og á fólkvöngum eðlilegur hluti daglegs lífs.

Lögð er áhersla á að efla íþróttastarf í Hornafirði og eru íþróttasvæði víða í sveitarfélaginu. Á Höfn er fjölbreytt íþróttastaða: Golfvöllur, motocrossbraut, 25 m sundlaug, íþróttahús og fullkomin aðstaða fyrir frjálsíþrótt- og knattspyrnuíðkun m.a. yfirbyggður knattspyrnuvöllur. Í Nesjum er íþróttavöllur og leikfimiðhús við Mánagarð og skeiðvöllur og reiðhöll er við Fornustekka. Íþróttavellir eru við Holt á Mýrum, Hrollaugsstaði í Suðursveit og Hofgarð á Örfæmum.

3.9 Staðhættir og náttúrufar

Austast er Lón (áður Bæjarhreppur), sem nær frá Almannaskarði í suðri að Hvalnesskriðum í norðri og á uppland til jökla og hálendis að Héraði. Undirlendi er um miðbik sveitarinnar en austast og syðst er mjótt milli fjalls og fjöru. Láglandi er að mestu gróið og fjalllendið er fjölbreytt og litskrúðugt.

Í Nesjum (áður Nesjahreppi) er grösugt sléttlendi afmarkað af Skarðsfirði og Austurfjörutanga í suðri, Hornafirði og aurum Hornafjarðarfljóta í vestri. Fjallendi skilur Nesin frá Lóni í austri og í norðri tróna Hoffellsfjöll, Hoffellsjökull og snæhetta Vatnajökuls.

Mýrar (áður Mýrahreppur) eru flatur votlendisfláki, afmarkaður af sandströndinni í suðri og suðaustri, fjallendinu í suðurbrún Vatnajökuls í norðri, og Hornafirði og aurum Hornafjarðarfljóta í austri. Í vestri eru mörk Mýra á flötum aurum, þar sem áður var farvegur Heinabergsvatna. Skriðjöklarnir Heinabergsjökull, Fláajökull og Viðborðsjökull setja ægifagan svip á landið.

Sunnan við Mýrar er Suðursveit (áður Borgarhafnarhreppur), mjótt gróðurbelti undir bröttum fjöllum í jökulbrún. Fjallendið er stórskorið og aurar Steinavatna og Breiðamerkursandur eru miklir sléttlendisflákar. Vesturmörk sveitarinnar eru nálægt Nýgræðukvíslum á Breiðamerkursandi.

Syðst og vestast eru Örfæfi (áður Hofshreppur), undirlendi umhverfis Örfæfajökul, vesturmörk á Skeiðarársandi, við línu sem dregin er eftir miði í Súlutinda. Örfæfajökull trónir yfir sveitinni og víðfeðmir áraurar teygja sig til hafs. Landslagið er óviðjafnanlegt og náttúrufegurðin einstök.

Þéttbýlið á Höfn er byggt á útnesjum og eyjum sem skilja Hornafjörð frá Skarðsfirði, við Hornafjarðarós. Frá fyrstu dögum byggðarinnar hefur farið fram landnám á fyllingum yfir leirur, auk þess sem eyjar hafa verið tengdar með fyrirhleðslum.

Afréttarlönd og fjallendi í sveitarfélaginu er víða stórskorið og litskrúðugt. Örfæfajökull er virk eldstöð og við jaðra hans má sjá ummerki eftir eldsumbrot. Gróðurfar er mótað af beit og búnytjum en að öðru leyti má stærstur hluti afrétta og fjallendis heita óspjallaður af manna völdum og skammt þarf að fara úr byggð til að njóta náttúrulegrar kyrrðar. Nálægð jöklanna ber

með sér sérstakan blæ og skriðjöklarnir eru síbreytilegir og jaðar þeirra hvarvetna á hreyfingu.

Rof veldur staðbundnum gróðurskemmdum. Landgræðsla ríkisins telur alvarlegt rof vera á 4 svæðum á láglandi sveitarfélagsins. Allvíða er birkikjarr í dalbotnum og grasbrekkum til fjalla en fjallagróðurinn er viðkvæmur og lætur fljótt á sjá undan mikilli beit og átroðslu. Í sveitarfélaginu er skv. Skógrækt ríkisins um 60 km² náttúrulegt birki og 7 km² ræktað skóglendi.

Margbreytileg, víðfeðm og ósnortin votlendissvæði eru á skipulagssvæðinu og víða fjölbreytt fuglalíf.

Tófa og minkur lifa á svæðinu og er haldið í skefjum með veiðum. Hreindýr ganga í fjallalendi frá Lóni til Suðursveitar og sjást oft á láglandi.

Undanfarna áratugi hefur landris vegna rýrnunar jökla valdið talsverðum landslagsbreytingum í Hornafirði. Þetta er einkum sýnilegt staðkunnugum en lýsir sér í breytingum á fjörum og votlendissvæðum við flæðarmál.

Strandlengjan í sveitarfélaginu er um 185 km löng.

3.10 Veðurfar

Veðursfarslega hefur Suðausturland talsverða sérstöðu m.v. aðra landshluta. Þar er tiltölulega hlýtt, hitasveiflur fremur litlar og mikil úrkoma að meðaltali. Þrátt fyrir það er Hornafjörður líklega snjóléttasta svæði landsins að Vestmannaeyjum undanskildum og munar miklu á snjóalögum í Skaftafellssýslum og norðanverðum Austfjörðum. Mjög hvassir byljir geta orðið á

svæðum umhverfis Örfafajökul og við rætur brattrar fjallshlíða í Lóni og Nesjum. Tjón getur hlotist af slíkum veðrum og einnig geta vatnavextir vegna úrfellis valdið tjóni á vegum og varnargörðum.

3.11 Náttúruvá


Svæði í Örfæfum er undir náttúruvá vegna jökulhlaupa og hugsanlegra gjóskuflóða samfara eldsumbrotum í Örfafajökli.

Veðurstofa Íslands vinnur að hættumati vegna eldgosa á Íslandi. Í fyrsta hluta þess verkefnis (2012-2014) er m.a. unnið að *Forgreiningu á áhættu vegna flóða samfara eldgosum - Örfæfi* í samvinnu við Jarðvísindastofnun Háskólans og Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra. Fyrstu niðurstöður verkefnisins voru kynntar á íbúafundi í Hofgarði í Örfæfum þann 11. desember 2013. Þar kom fram að stór svæði umhverfis Örfafajökul eru í hættu vegna flóða ef til eldsumbrota kemur í jöklinum. Veðurstofan áformar að birta skýrslu um verkefnið á haustdögum 2014. Ekki liggur fyrir hvernig á að túlka gögnin með tilliti til skipulags, en þess má vænta að ákvarðanir stjórnvalda í framhaldi af útgáfu hennar gefi tilefni til eða skilyrði endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir svæðið.

STEFNA AÐALSKIPULAGS HORNAFJARÐAR

4 Inngangur

Tæplega 80% íbúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar búa í þéttbýlinu á Höfn og í Nesjahverfi, en rúmlega 20% í sveitunum. Forsendur aðalskipulagsins eru að á næstu árum muni íbúum í sveitarfélaginu fjölga til jafns við fólksfjölgun á landsvísu, en miðgildisspá Hagstofunnar er um 1% á ári. Þess er vænst að íbúum fjölgi mest á Höfn. Í sveitunum breytist búsetumynstur vegna aukinnar ferðaþjónustu og vænta má íbúafjölgunar á tilteknum stöðum.



Í kaflanum er gerð grein fyrir helstu stefnumörkun í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar:

- ▶ Þéttbýli – Höfn og Nesjahverfi.
- ▶ Dreifbýli – sveitirnar.
- ▶ Ferðaþjónusta.
- ▶ Vatnajökulspjóðgarður.
- ▶ Samgöngur.
- ▶ Veitur.
- ▶ Úrgangsmál.
- ▶ Efnistaka og efnislosun.

5 Þéttbýli

5.1 Höfn

Þéttbýli í Sveitarfélaginu Hornafirði er afmarkað á Höfn og í Nesjahverfi. Á þessum stöðum er gert ráð fyrir að megin íbúafjölgun í sveitarfélaginu eigi sér stað og að þar verði áhersla á uppbyggingu þjónustu fyrir sveitarfélagið í heild.

Þéttbýli byggðist á Höfn á síðustu öld, og í byrjun árs 2012 voru 1.668 íbúar þar, fjölbreytt atvinnulíf og þjónusta. Höfn er þjónustumiðstöð Sveitarfélagsins Hornafjarðar, þar er fjölbreytt atvinnulíf og þjónusta.

Gert er ráð fyrir að fólksfjölgun á Höfn geti orðið u.þ.b. 1% á ári – sem samsvarar miðgildisspá Hagstofunnar um fólksfjölgun á Íslandi – það þýðir fjölgun um u.þ.b. 370 íbúa á næstu 20 árum. Stefna skipulagsins er að sjá fyrir íbúðasvæði sem rúma 1% fólksfjölgun á skipulagstímanum, og að uppbygging á atvinnu-

og þjónustusvæðum eigi sér stað samhliða því til eflingar samfélags og bæjarbrag.

5.1.1 Stefna

Þéttbýlismörk Hafnar eru dregin sunnan við Hringveg 1 milli Stekkanesvíkur og Flóa.

► Þéttbýli – bæjarbragur

Á Höfn eru ágæt tækifæri til að móta fjölbreytta en heillega bæjarmynd. Þar hefur byggst upp miðbæjarkjarni með öflugri verslun og þjónustu við aðalgötu bæjarins og bæjarmyndin hefur þétt. Með markvissri uppbyggingu er hægt að efla miðbæinn enn frekar til að takast á við fjölbreytt þjónustuhlutverk sitt.

Við höfnina hefur verið lagður grunnur að endurgerð elstu byggðarinnar á Höfn. Þar eru áhugaverðir möguleikar á uppbyggingu í þjónustu við ferðamenn, í sambyli söguminja og nútíma atvinnuhátta – í heillegri þyrpingu gamalla húsa og endurgerða.

Við mótun nýrra íbúða-, þjónustu- og athafnahverfa er haft að markmiði að þau myndi eðlilega samfellu með byggðinni sem fyrir er.

► Íbúðabyggð

Lögð er áhersla á að fullbyggja íbúðasvæði, sem uppbygging er hafin á, og að ný svæði tengist byggðinni sem styrki hana og nýti innviði hennar sem best. Nokkrar íbúðalóðir eru í eyðum í eldri og grónari hverfum og annarsstaðar er bætt við íbúðasvæði til að styrkja rýmismótun og eldri heildir.

► Atvinna

Stefna skipulagsins er að tryggja að nægilegt framboð sé af fjölbreyttum atvinnusvæðum og stuðla þannig að atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Jafnframt er það stefna að nauðsynlegir innviðir og forsendur séu til staðar fyrir atvinnu s.s. hafnaraðstaða, góðar samgöngur, aðgengi að raforku, menntun, starfsfólki og ósnortinni náttúru.

Grundvöllur uppbyggingar á Höfn hefur verið öflug útgerð og vinnsla sjávarafurða. Í skipulaginu er lögð áhersla á að tryggja þróunarmöguleika Hornafjarðarhafnar og atvinnusvæða í baklandi hennar en stærstu svæðin eru beggja vegna hennar.

► Menning, menntun, verslun og þjónusta

Á Höfn er öflugt skólastarf, grunnskólar, framhaldsskóli, háskólasetur og tónlistarskóli. Margþætt þjónusta er á Höfn, heilsugæsla, félagsþjónusta, þjónusta við aldraða, opinberar stjórnsýslustofnanir og embætti.

Þungamiðja skólastarfs, menningarlífs, verslunar og þjónustu er um miðbik þéttbýlisins og við innanverða Víkurbraut. Þar eru einnig skilgreind miðsvæði og verslunar- og þjónustusvæði, og stofnanasvæði.

Stefna skipulagsins er að núverandi stofnanir verði eflar og starfsemi þeirra aukin eftir atvikum á þessum svæðum. Uppbygging vegna þessarar starfsemi verður í senn liður í að styrkja götummyndir og bæta bæjarbrag.

► *Opin svæði – útivist og íþróttir*

Stefna skipulagsins er að skilgreina fjölbreytt opin svæði á Höfn til að tryggja aðgang íbúa og gesta að náttúrulegu umhverfi byggðarinnar og svara þörf fyrir skipulögð svæði til margvíslegra skilgreindra athafna, íþróttar og leikja. Stór náttúruleg svæði á Ægissíðu, Óslandi og reitir á ströndum bæjarlandsins eru tengd með strandstíg vestan og norðaustan megin bæjarins. Inni í bænum er gert ráð fyrir formlegri svæðum, gördum, torgum, skólalóðum og leiksvæðum og íþróttasvæðum.

► *Gatnakerfi*

Stefna endurskoðaðs aðalskipulags er að einfalda gatnakerfi frá gildandi skipulagi, stytta nýjar viðbætur við það og gera það sem skilvirkast.

► *Hornafjarðarhöfn*

Stefna aðalskipulagsins er að hægt sé að þróa og bæta hafnaraðstöðu Hornafjarðarhafnar og að rannsóknum á Hornafjarðarósi og áframhaldandi umbótum á innsiglingunni um Hornafjarðarós verði framhaldið. Áform um byggingu nýrrar hafnar, Faxeyrarhafnar, eru óbreytt frá fyrra aðalskipulagi.

5.2 Nesjahverfi

Nesjahverfi er lítill þéttbýliskjarni sem byggðist upp á árunum fyrir 1980. Í byrjun árs 2012 voru 64 íbúar þar. Í hverfinu er, auk íbúðasvæðis, verslunarhúsnæði, samkomuhús og íþróttaaðstaða og hótél. Síðustu ár hafa ekki verið byggðar nýbyggingar í Nesjahverfi.

5.2.1 Stefna

Þéttbýlismörk Nesjahverfis eru dregin umhverfis byggðina þar.

Stefna sveitarfélagsins er að kostir Nesjahverfis verði nýttir og sú aðstaða sem þar er til staðar. Markmiðið er að móta enn betur fallega umgjörð um hverfið og skýra heildarmynd þess og marka því stefnu um frekari uppbyggingu, starfsemi, útivistarmöguleika og tengsl við nærsvæði sitt.

Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir breytingum á landnotkun í Nesjahverfi en landnotkunarflokkar eru uppfærðir skv. nýrri skipulagsreglugerð. Framfylgd stefnunnar verður því náð með gerð deiliskipulags Nesjahverfis.

6 Dreifbýli - sveitirnar

Sveitirnar í sveitarfélaginu eru einstakar frá náttúrunnar hendi, hafið á aðra höndina og jökullinn á hina. Byggðarmynstur og atvinnulíf hefur mótast af margslungnu samspili manns og náttúru. Þrátt fyrir fámenni er stundaður fjölbreyttur landbúnaður sem hefur víða verið í mikilli framför.

Víða er gott ræktarland og skilyrði til að þróa landbúnað. Ferðaþjónusta er vaxandi í sveitunum og felast tækifæri í auknum ferðamannastraumi á svæðið. Þegar eru um 900 gistirými í sveitunum og skipulagið gerir ráð fyrir að þeim muni fjölga.

6.1 Stefna

Stefna aðalskipulagsins er að í sveitunum verði stundaður fjölbreyttur landbúnaður og ferðaþjónusta í auknum mæli.

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda skal höfð að leiðarljósi, áhersla er

lögð á að vernda ræktanlegt land og sérstæða náttúru svæðisins með það að markmiði að bæta lífskjör og lífsgæði íbúa.

Stuðla skal að sjálfbærri þróun samfélags í sveitum sveitarfélagsins með auknum félagslegum og efnahagslegum ávinningi af vaxandi straumi ferðamanna sem sækja náttúruperlur svæðisins heim. Stuðlað skal að auknum lífsgæðum íbúanna í virku tómstunda- og félagsstarfi og bættri samfélagsþjónustu.

Stuðlað skal að rannsóknar- og þróunarstarfi tengdu samfélagi í sveitunum, landbúnaði og öðrum atvinnuvegum, og náttúru svæðisins.

Landgæði í sveitarfélaginu verða kortlögð með það markmið að skipuleggja nýtingu og ræktun landsins enn betur.

► *Landbúnaður*

Víða í héraðinu eru góð skilyrði fyrir nýjungar í landbúnaði eins og korn- og repjurækt, og stefnt er að því að kornrækt verði stunduð í vaxandi mæli víða í sveitum Hornafjarðar.

Tilraunaræktun og úrvinnsla á korni og repju, til nýtingar í mannelis, kjarnfóður og lífræna orkugjafa verður eflað.

Efla þarf nýsköpun í landbúnaði, m.a. með því að stefna að fullvinnslu bænda í enn meira mæli og tryggja rekjanleika.

Sveitarfélagið Hornafjörður, bændur og Búnaðarsamband Suðausturlands munu í sameiningu móta og setja fram stefnu um eflingu landbúnaðar og eflingu samfélags og atvinnulífs í dreifðari byggðum héraðsins.

Langmestur hluti lands í sveitunum er skilgreindur sem

landbúnaðarsvæði, en önnur landnotkun tilgreind eftir atvikum. Í aðalatriðum er óbreytt skilgreining landbúnaðarsvæða frá fyrra skipulagi.

► *Íbúðarsvæði í sveitum*

Íbúafjöldi í sveitum var alls 435, í lok árs 2012.

Vænst er íbúafjölgunar á tilteknum stöðum í sveitum Hornafjarðar. Skipulagið markar stefnu um uppbyggingu íbúðarbyggðar á fjórum stöðum:

- > Holt á Mýrum
- > Miðporpið í Suðursveit
- > Hof í Öræfum
- > Freysnes í Öræfum

Á þessum svæðum er landnotkunarflokkur skilgreindur „verslunar- og þjónustusvæði“, þar sem gert er ráð fyrir að uppbygging mótist af ferðaþjónustu. Fjallað er um svæðin í kafla 16.2 hér að aftan.

Íbúðarbyggð á þessum svæðum svarar þörf fyrir uppbyggingu sem fylgir aukinni ferðaþjónustu, breyttum búskaparháttum og samfélagsþróun. Auk þess er gert ráð fyrir byggingu íbúða í takmörkuðum mæli á nokkrum minni verslunar- og þjónustusvæðum, sem grein er gerð fyrir í töflu 16.2.

► *Skógrækt*

Í skipulaginu eru ekki áform um skógrækt í miklum mæli og ekki eru skilgreind skógræktarsvæði á sveitarfélagsuppdrætti. Á landbúnaðarsvæðum mun áfram heimilt að vinna að

staðbundnum verkefnum í samvinnu við Suðurskóga.

Skipulagið gerir ráð fyrir að ræktun skjólbelta sé heimil á landbúnaðarsvæðum, enda sé það gert í því skyni að bæta skilyrði á ræktarlandi og öðru nytjalandi.

Í Sveitarfélaginu eru stór svæði vaxin „náttúrulegum“ birkiskógum- og kjarri, þau eru sýnd á skipulagsupphætti. Í lögum um náttúruvernd er sérstök áhersla lögð á verndun þessara skóga og er það stefna skipulagsins.

► *Verndarsvæði*

Það er stefna skipulagsins að tryggja áfram verndun náttúrunnar í sveitarfélaginu. Mjög stór hluti sveitarfélagsins nýtur verndar, s.s. vegna Vatnajökulspjóðgarðs, friðlýstra svæða, svæða á náttúruminjaskrá og hverfisverndar. Einnig eru svæði sem falla undir vatnsvernd.

Vatnajökulspjóðgarður er mikilvægur fyrir framtíð sveitarfélagsins og er gerð fyrir stefnu skipulagsins um hann í kafla 7.

Ekki eru gerðar breytingar á friðlýstum svæðum eða öðrum svæðum á náttúruminjaskrá. Í skipulaginu er mörkuð stefna um vatnsvernd og þau verkefni sem sveitarfélagið þarf að ráðast í á skipulagstímabilinu.

Hverfisverndarsvæði og ákvæði verndarinnar í fjallendi sveitarfélagsins eru óbreytt frá fyrra aðalskipulagi, nema þar sem svæðin eða hluti þeirra falla innan Vatnajökulspjóðgarðs. Þar er hverfisverndinni aflétt í endurskoðuðu skipulagi, enda tryggir stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins þá hagsmuni sem hverfisverndinni var beint að.

► *Frístundabyggð*

Ekki er mörkuð stefna um breytingar á svæðum fyrir frístundabyggð í endurskoðuðu aðalskipulagi. Talsvert svigrúm er til byggingar frístundabyggðar á þeim svæðum sem þegar hefur verið undirbúið skipulag á.

7 Ferðapjónusta

7.1 Ferðapjónusta

Ferðapjónusta er orðin ein af undirstöðum samfélagsins í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Aðdráttarafli héraðsins felst einkum í landslagi og náttúrufari, en þáttur sögu og menningar er einnig afgerandi og vaxandi. Skaftafellspjóðgarður og síðar Vatnajökulspjóðgarður með kjörorðin *náttúruvernd, útivist og byggðaþróun* – voru mikilvægir áfangar í þróun ferðapjónustunnar.

Stefna Sveitarfélagsins Hornafjarðar er að auka þátt ferðapjónustu í atvinnulífi og menningu í sveitarfélaginu og að aðalskipulagið stuðli að því.

Mikilvægt er að sameina krafta og brúa bil á milli landeigenda, fyrirtækja, einstaklinga og stofnana sem vinna að eflingu greinarinnar.

Skipuleggja þarf aðgerðir og mannvirkjagerð vegna ferðapjónustu, tryggja nauðsynlega verndun aðdráttarflisins – náttúru, menningu og menningarlandslag – og uppbyggingu til að standast álag og stjórna framvindu.

Aðalskipulagið markar stefnu um „megin-segla“ sem ferðapjónustan byggist upp í kringum: Skaftafell / Öræfi, Jökulsárlón / Breiðamerkursandur, Þormóðshnúta / Kálfafellsdalur / Suðursveit, Skálafell / Hjallanes / Heinaberg / Haukafell / Mýrar, Hoffell / Núpar / Hoffellsdalur / Nes, Höfn, og Kollumúli / Lónsöræfi / Lón (mynd 4.1).

Stefna skipulagsins er að gera almenningi fært að njóta náttúru og menningar á þessum svæðum, bregðast við álagi, vekja athygli á fleiri stöðum en þeim mest sóttu, og dreifa umferð.

Í Skaftafelli, við Jökulsárlón og á Höfn verða þjónustumiðstöðvar, en jaðarstöðvar og áningarstaðir á lykilstöðum í Suðursveit, Mýrum, Nesjum og Lóni. Lykilstaðir eru þeir taldir sem sakir náttúrufars, sögu eða minja laða að sér ferðamenn. Áhersla er lögð á að á helstu áfangastöðum í fjalllendi og víðerni þjóni mannvirkjagerð fyrst og fremst útivist, en öll meiriháttar uppbygging, gistipjónusta og greiðasala eigi sér stað í tengslum við bæjarhlöð í sveitunum og á Höfn.

Seglar og uppbygging ferðapjónustu:

► *Skaftafell / Öræfi*

Upplýsinga- og þjónustumiðstöð í Skaftafelli.

Uppbygging ferðapjónustu í Freysnesi og í tengslum við bæjarhlöð í Öræfum, Svínafell, Hof, Fagurhólsmýri og Hnappavelli.

Áningarstaðir við Sandfell og Ingólfshöfða.

► *Jökulsárlón / Breiðamerkursandur*

Upplýsinga- og þjónustumiðstöð við Jökulsárlón.

Uppbygging ferðapjónustu í tengslum við bæjarhlöð á Reynivöllum og Breiðabólstaðartorfu.

Áningarstaðir við Fjallsárlón, Jökulsárlón, Hrollaugshóla og Fell.

► *Þormóðshnúta / Kálfafellsdalur / Suðursveit*

Uppbygging ferðapjónustu í tengslum við bæjarhlöð í Miðþorpi, Borgarhöfn, Vagnsstöðum, Uppsölum og Smyrlabjörgum.

Jaðarstöð við Þormóðshnútu – fjallaskálar og þjónusta.

► *Skálafell / Hjallanes / Heinaberg / Haukafell / Mýrar*

Uppbygging ferðapjónustu við Skálafell og í tengslum við bæjarhlöð á Skálafelli og á Mýrum.

Áningarstaðir við Hjallanes, Heinaberg og Haukafell.

► *Hoffell / Núpar / Hoffellsdalur / Nes*

Uppbygging ferðapjónustu í Nesjahverfi og á innbæjum í Nesjum.

Jaðarstöð í Hoffelli, áningarstaðir í Geitafelli, Núpum, Hoffellsdal og Horni.

► *Höfn*

Upplýsinga- og þjónustumiðstöð – miðstöð ferðapjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði og margvísleg þjónusta.

► *Kollumúli / Lónsöræfi / Lón*

Uppbygging ferðapjónustu í tengslum við bæjarhlöð í Lóni, Stafafell, Brekku og Þórisdal.

Áningarstaðir við Papós, fundarhús Lónmanna, í Kollumúla, Eskifelli, Skyndidal.

7.1.1 Uppbygging vegna ferðapjónustu í sveitum

Stefna aðalskipulagsins er að ferðapjónusta í sveitum Hornafjarðar verði aukin og eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum.

Ferðapjónusta, svo sem gisting og greiðasala, innan tiltekinna stærðarmarkna meðfram búskap, skal teljast hluti landbúnaðar á lögbýlum, allt að 16 gistirými.

Þar sem umfangsmeiri starfsemi er áformuð, 17 gistirými eða fleiri eru skilgreind „verslunar- og þjónustusvæði“. Þetta á meðal annars við um nokkra staði þar sem er gert ráð fyrir hótélrekstri í sveitum.

Stóra gististaði þarf að staðsetja með tilliti til landslags, byggðarmynsturs, samgangna og samlegðaráhrifa fyrir samfélag og markmið um sjálfbærni höfð að leiðarljósi. Undirbúa þarf þessa mannvirkjagerð af kostgæfni og vanda hana – byggingarlag, efnisval og allar lausnir þannig að hún samsvari og sómi því umhverfi sem hún verður hluti af.

Stefna um uppbyggingu þessa er:

- ▶ Að hún að hún falli að byggðarmynstri.
- ▶ Að hún sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfella með byggð sem þegar stendur, og sé víkjandi í landslagi.
- ▶ Að hún taki mið af staðarvals- og byggingarhefð sveitanna ef byggt er þar sem ekki er byggð fyrir.


- ▶ Að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds, úrlausnir séu ekki byggðar á óvönduðum bráðabirgðaaðgerðum.
- ▶ Að hún taki tillit til landgæða – túna og ræktarlands og spilli þeim ekki og gætt umhverfissjónarmiða við ráðstafanir vegna vatnsöflunar og fráveitu.
- ▶ Að í undirbúningi hennar séu gerð grein fyrir áhrifum hennar á frekari uppbyggingu og breytingar á landnotkun.
- ▶ Að samræma hana með tilliti til samlegðaráhrifa hennar innan sveitarfélagsins.

Þar sem umfangsmikil tjaldstæði eru rekin eða áformuð eru skilgreind svæði fyrir „afþreyingar- og ferðamannasvæði“.

Sveitarfélagið Hornafjörður er í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð um uppbyggingu áningarstaða og skipulagningu á útivist innan þjóðgarðsins og í samstarfi við ferðapjónustufyrirtæki um vörubrún og markaðssetningu ferðapjónustunnar sem nær til alls svæðisins.

Úr töflu yfir AF-svæði í Örfefum, sjá nánar kafla 22.5


AF-nr.	Svæði	Lýsing
AF 20	Sandfell. Hringtákn ~ 2ha.	Áningarstaður – upphafs- og endastaður göngufólks í ferðum á Hvannadalshnjúk. Í Sandfelli eru ummerki eftir torfbæ og forn kirkjugarður.
AF 21	Skaftafell. Svæðisafmörkun – 32ha.	Upplýsinga- og þjónustumiðstöð í Vatnajökulspjóðgarði. Tjaldsvæði. Heimilt að reisa byggingar og önnur mannvirki til margháttáðrar þjónustu við ferðamenn og rekstrar vegna hennar, svo sem þjónustumiðstöð og gestastofa – bílastæði, göngustígar, áningarstaðir.



8 Vatnajökulsþjóðgarður

Vatnajökulsþjóðgarður hefur margvísleg áhrif á framvindu mála í Sveitarfélaginu Hornafirði. Kjörorð þjóðgarðsins eru *náttúruvernd, útivist og byggðapróun*. Þjóðgarðurinn er mikilvægur fyrir samfélag og ímynd Sveitarfélagsins og hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Hann hefur haft mikil áhrif á þróun ferðaþjónustu og áherslur í umhverfismálum í sveitarfélaginu og er ráðgert að svo verði áfram.

Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs stýrir skipulagsgerð innan þjóðgarðsins og við jaðra hans skv. fyrirmælum í skipulagslögum.



Mynd 8.1 Hluti af Vatnajökulsþjóðgarði nær til sveitarfélagsins Hornafjarðar. Heimild: heimasíða Vatnajökulsþjóðgarðs

8.1 Markmið þjóðgarðsins

Markmið með friðlýsingu Vatnajökuls og helstu áhrifasvæða hans sem þjóðgarðs eru:

- ▶ Að vernda náttúru svæðisins, s.s. landslag, lífríki og jarðmyndanir og menningarminjar þess.
- ▶ Að gefa almenningi kost á að kynnst og njóta náttúru svæðisins, menningar þess og sögu.
- ▶ Að veita fræðslu um náttúru og náttúruvernd, sögu, mannlíf og menningarminjar svæðisins og stuðla að rannsóknum til að efla þekkingu á þessum þáttum.
- ▶ Að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins.

8.2 Stefna

Þungamiðjan í starfsemi þjóðgarðsins í sveitarfélaginu hefur verið í Skafafelli en vaxandi starfsemi er á Höfn og fyrirhugað er að koma upp aðstöðu á jaðarstöðum.

Áfram verður stefnt að því að byggja upp margvíslega ferðaþjónustu í tengslum við þjóðgarðinn. Stefna skipulagsins er að gera slíka uppbyggingu mögulega og að þjóðgarðurinn haldi áfram að styrkja ýmsa afleidda starfsemi. Hann hefur því „jálkvæð“ áhrif á samfélag Hornfirðinga.

Land Vatnajökulsþjóðgarðs í Sveitarfélaginu Hornafirði er auðkennt á sveitarfélagsuppdrætti, og þjónustumiðstöð í Skafafelli og jaðarstöðvar eru merktar sem „afþreyingar- og ferðamannasvæði“.

Sveitarfélagið á samstarf við Vatnajökulspjóðgarð um uppbyggingu áningarstaða og skipulagningu á útivist innan marka garðsins.

Vatnajökulspjóðgarði er skipt í svæði sem flokkuð eru í verndarflokka Ia, II og VI hjá Alþjóðanáttúruverndarsamtökunum (IUCN).

- ▶ Meginhluti þjóðgarðsins er flokkaður í *verndarflokk II*, sem svæði einkum ætlað til verndar vistkerfum og til útivistar.
- ▶ Esjufjöll og svæði í kringum þau þar sem sérstakar reglur gilda, sbr. viðauka 1 í reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008 og afmarkað er í viðauka 4 í reglugerð nr. 755/2009, eru flokkuð undir *verndarflokk Ia*, sem svæði sem stjórnað er einkum vegna vísindalegs gildis.
- ▶ Hoffellssvæðið og Heinabergssvæðið eru flokkuð undir *verndarflokk VI* en þar er hefðbundin landnýting heimil skv. reglugerð um Vatnajökulspjóðgarð nr. 608/2008, sbr. reglugerð nr. 755/2009. Áhersla er hér lögð á sjálfbæra landnýtingu náttúrulegra vistkerfa í tengslum við landbúnað og ferðaþjónustu.

Frekari upplýsingar um verndarflokkunina er að finna á heimasíðu Vatnajökulspjóðgarðs www.vatnajokulstjodgardur.is.

8.3 Breytingar frá fyrra aðalskipulagi

Í fyrra skipulagi var fjallað um þjóðgarðinn í Skaftafelli, sem nú er hluti Vatnajökulspjóðgarðs.

Nokkur svæði sem lutu hverfisvernd í fyrra skipulagi eru nú hluti Vatnajökulspjóðgarðs. Þar er hverfisverndinni nú aflétt, enda

tryggir stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs þá hagsmuni sem hverfisverndinni var beint að.

9 Samgöngur

9.1 Stefna

Stefna skipulagsins er að stuðla að öflugum og öruggum samgöngum innan sveitarfélagsins og yfir í aðra landshluta. Gert er ráð fyrir breytingum á Hringvegi til að stytta leiðir og stuðla að auknu umferðaröryggi. Áfram verður stefnt að stækkun Hornafjarðarhafnar – Faxeyrarhöfn, sem er grundvöllur fyrir sterku atvinnulífi í sveitarfélaginu.

9.1.1 Vegir

Skipulagið gerir ráð fyrir breytingum á vegstæði Hringvegjar 1. Breytingarnar miða að því að stytta hringveginn og auka umferðaröryggi, á nokkrum stöðum í samræmi við Samgönguáætlun 2011-2022.

Ennfremur er gert ráð fyrir breytingum á gatnakerfi á Höfn, þeirra veigamest er ný stofnbraut að atvinnusvæðum við höfnina – til þess að leiða þungaumferð framhjá íbúðarbyggð.

Lagningu göngu-, hjóla- og reiðvega verður fram haldið eftir atvikum.

Skipulagið mótar stefnu um góðar og öruggar tengingar við þjónustumiðstöðvar, lykilstaði og jaðarsvæði ferðaþjónustu.

Skipulagið mótar stefnu um uppbyggingu stígakerfis fyrir göngu-, hjóla- og reiðumferð sem hluta af uppbyggingu ferðaþjónustu

og fyrir íbúa sveitarfélagsins. Áhersla er lögð á samstarf við Vatnajökulsþjóðgarð og Vegagerðina.

Umfangsmikil göngustígagerð er áformuð í tengslum við jaðarstöðvar og áningarstaði í sveitunum.

9.1.2 Hornafjarðarhöfn

Skipulagið gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi Hornafjarðarhafnar frá fyrra aðalskipulagi, þar á meðal er gert ráð fyrir byggingu nýrrar Faxeyrarhafnar.

Á skýringarmynd er gerð grein fyrir hugmyndum um áfangaskiptingu framkvæmda við Faxeyrarhöfn, sem ætlað er að laga uppbygginguna betur að þörfum og draga úr umhverfisáhrifum.

Mikilvægt er að rannsóknum á Hornafjarðarósi og áframhaldandi umbótum á innsiglingunni um Hornafjarðarós verði framhaldið.

9.1.3 Hornafjarðarflugvöllur

Stefna skipulagsins er að Hornafjarðarflugvöllur gegni áfram hlutverki sínu í innanlandsflugi og geti þjónað litlum flugvélum í millilandaflugi.

Það er byggðarlaginu mikilvægt að flugvöllurinn haldi stöðu sinni og áfram verði hægt að sinna áætlunarflugi, vegna almennra lífsgæða íbúanna og þörf fyrir þennan kost í samgöngum, heilsugæslu, hagsmunum atvinnulífsins, ferðaþjónustu, stjórnsýslu, menntun og menningu.

Auk Hornafjarðarflugvallar eru minni flugbrautir á nokkrum stöðum til sveita. Þær geta sinnt mikilvægu hlutverki svo sem í ferðaþjónustu og sjúkraflugi.

10 Veitur

Stefna sveitarfélagsins í veitumálum er að á skipulagstímabilinu verði unnið að því að bæta og styrkja veitukerfi sveitarfélagsins. Megin áhersla skal lögð á að:

- ▶ Afmarka nauðsynleg vatnsverndarsvæði í samræmi við lög og reglur, ásamt Vatnaáætlun sem mun taka gildi árið 2016.
- ▶ Tryggja öruggan flutning raforku um sveitarfélagið.
- ▶ Skilgreina nauðsynlegar aðgerðir í fráveitumálum sveitarfélagsins og að ástand strandsjávar uppfylli markmið sveitarfélagsins og kröfur í lögum og reglum.
- ▶ Halda áfram leit að nýtanlegu heitu vatni fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- ▶ Móta almenna stefnu um smávirkjanir og meta möguleika á raforkuframléiðslu í sveitarfélaginu.
- ▶ Tryggja að fjarskipti uppfylli kröfur íbúa og atvinnulífs í sveitarfélaginu.

11 Úrgangsmál

11.1 Stefna

Sveitarfélagið stefnir að sorpflokkun og að magn úrgangs til urðunar verði takmarkað. Í því skyni er skipulögðum sorp-móttöku- og flokkunarstöðvum ætlaðir nokkrir staðir í sveitarfélaginu.

12 Efnistaka og efnislosun

12.1 Stefna

Sveitarfélagið stefnir að nýtingu jarðefna í sveitarfélaginu til mannvirkja-gerðar. Í mótun skipulags skal skilgreina eins og kostur er námur, stærð þeirra og umfang. Huga skal að möguleikum til að fækka og/eða sameina efnistökusvæði og marka stefnu um frágang þeirra. Mörg og fjölbreytt efnistökusvæði eru nauðsynleg sveitarfélaginu vegna lengdar vegakerfisins innan þess, mikilvægra varnavirkja við fallvötn og strendur og annarrar fyrirhugaðrar mannvirkjagerðar.

Almennt skal ekki gert ráð fyrir efnistöku eða efnislosun á verndarsvæðum, nema sérstakar ástæður liggja fyrir.

LANDNOTKUNARFLOKKAR

13 Inngangur

Á sveitarfélagsuppráttum og þéttbýlisupprætti aðalskipulagsins er landnotkun í sveitarfélaginu sýnd samkvæmt forskrift skipulagslaga og skipulagsreglugerðar.

Í kaflanum er gerð grein fyrir skilgreiningu landnotkunarflokka og ákvæða sem gilda um framkvæmdir á þeim.

14 Íbúðarbyggð (ÍB)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Íbúðarbyggð (ÍB): Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.


14.1 Íbúðarbyggð á Höfn

Í skipulaginu er gert ráð fyrir 1% fólksfjölgun á Höfn á ári – sem samsvarar fjölgun um u.þ.b. 370 íbúa á næstu 20 árum, sem skapar þörf fyrir allt að 150 nýjar íbúðir á skipulagstímabilinu.

Dregið er úr umfangi nýrra íbúðasvæða frá fyrra aðalskipulagi.

Eldri fullbyggð íbúðasvæði eru óbreytt nema þar sem er skilgreind landnotkun sem heimilar ívaf miðbæjarstarfsemi samhliða íbúðabyggð. Á nokkrum stöðum eru skilgreindar íbúðalóðir – þar sem áður var önnur landnotkun – á minni reitum, til að mynda samfellur í byggðinni. Almenn er litið svo á að þétting byggðar og viðbyggingar í grónum hverfum á forsendum byggðarmynsturs komi til greina og geti verið æskileg.

Lögð verður áhersla á að klára uppbyggingu þeirra svæða sem þegar eru hafnar framkvæmdir á, og sníða stakk eftir vexti, svo bærinn byggist í samfelldri mynd.



Mynd 14.1 Ný íbúðasvæði á Höfn.

Svæði fyrir íbúðarbyggð á Höfn eru talin upp í töflu 14.1.

Tafla 14.1 Íbúðarsvæði á Höfn

ÍB-nr	Svæði og skilmálar	Stærð	Fjöldi íbúða	Þéttleiki
ÍB 1	Leirusvæði 1 – svæði í uppbyggingu – byggt eftir þegar gerðu deiliskipulagi	7,0 ha heildar stærð	40 – 50 óbyggt	10íb/ha
ÍB 2	Leirusvæði 2 – stækkun svæðis til norð-austurs. Í deiliskipulagi skal miða við að ný íbúðarhús þar falli að byggingarlagi og byggðarmynstri þyrpingarinnar sem fyrir er, einnar og tveggja hæða hús, einbýli-, keðju- eða sambýlishús.	3,0 ha	20 – 30 bygg að hluta	10íb/ha
ÍB 3	Júllatún – við norðurjaðar þyrpingarinnar þar. Í deiliskipulagi skal miða við að ný íbúðarhús þar falli að byggingarlagi og byggðarmynstri þyrpingarinnar sem fyrir er, tveggja hæða hús, einbýli-, keðju- eða sambýlishús.	2,0 ha	6 – 8 óbyggð viðbót við gróið hverfi	–
ÍB 4	Höfði – Leiðarhöfði er viðkvæmur staður, mikilvægt kennileiti og útsýnisstaður. Ný byggð þar skal taka mið af byggingarlagi og byggðarmynstri eldri byggðar við Ránarslóð og Höfðaveg (ÍB 10), smágerð byggð tveggja hæða húsa. Heimilt skal að innifela verslunar- og þjónustustarfsemi í byggðina, enda sé hún í samræmi við mælikvarða hennar.	4,0 ha	6 óbyggð viðbót við gróið hverfi	–
ÍB 5	Nýtt íbúðasvæði innan við tjaldstæði, austan við Hafnarbraut. Lágreist byggð, 1 til 3 hæðir. Meðfram Hafnarbraut taki byggðin mið af elri byggð handan götunnar.	5,5 ha	75 óbyggt	15íb/ha
ÍB 6	Fiskhóll. Gróin byggð – þétting og viðbætur á forsendum byggðarmynstursins.	0,6 ha	10 – 15	25íb/ha
ÍB 7	Íbúðasvæði milli Hafnarbrautar og Víkurbrautar. Gróin byggð – þétting og viðbætur á forsendum byggðarmynstursins.	2,5 ha	35 – 60	24íb/ha
ÍB 8	Sandeyri, Höfðavegur, Sandbakki, Afkastahóll. Gróin byggð – þétting og viðbætur á forsendum byggðarmynstursins.	5,0 ha	100–115	23íb/ha
ÍB 9	Íbúðasvæði vestan Hafnarbrautar, norðan Litlubrúar. Gróin byggð – þétting og viðbætur á forsendum byggðarmynstursins.	35,4ha	370 – 410	12íb/ha

Íbúðir fyrir aldraða eru á svæði fyrir samfélagsþjónustu við Víkurbraut, þar er gert ráð fyrir fjölgun íbúða.

Ekki er heimilt að selja gistipjónustu í íbúðarbyggð umfram tvö gistirými í íbúð.

14.2 Íbúðarbyggð í Lóni

Svæði fyrir íbúðarbyggð er á Brekku.

Tafla 14.2 Íbúðarsvæði í Lóni

ÍB-nr.	Svæði og skilmálar	Stærð	Fjöldi íbúða	Þéttleiki
ÍB 11	Brekka.	1 ha	1	–

14.3 Íbúðarbyggð í Nesjahverfi

Svæði fyrir íbúðarbyggð í Nesjahverfi er óbreytt frá fyrra aðalskipulagi, þar er svigrúm til talsverðrar stækkunar hverfisins. Við deiliskipulag skal gætt samfelli við byggðina sem fyrir er og áhersla lögð á að styrkja heildarmynd hverfisins.

Tafla 14.3 Íbúðarsvæði í Nesjahverfi

ÍB-nr.	Svæði og skilmálar	Stærð	Fjöldi íbúða	Þéttleiki
ÍB 10	Viðbót við núverandi íbúðabyggð – á forsendum hennar í mælikvarða og þéttleika.	2,5 ha	25 – 30	10íb/ha

14.4 Íbúðarbyggð á Mýrum

Svæði fyrir íbúðarbyggð er í Holti á Mýrum. Við deiliskipulag skal gætt að heildarmynd svæðisins og afstöðu til landslags.

Tafla 14.4 Íbúðarsvæði í Nesjahverfi

ÍB-nr.	Svæði og skilmálar	Stærð	Fjöldi íbúða	Þéttleiki
ÍB 12	Holt á Mýrum. Nýtt íbúðarsvæði – lágreist, smágerð byggð, 1 til 2 hæðir. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Allt að 20 gistirými. Uppbygging heimil, skv. deiliskipulagi.	8 ha	15 – 20	–

14.5 Skilmálar fyrir íbúðarbyggð

- ▶ Ný íbúðarbyggð skal vera í samræmi við þá sem fyrir er hvað varðar tegund, stærðir, þéttleika og ásýnd.
- ▶ Íbúðarsvæði falli að náttúrulegu umhverfi og lagður skal metnaður í að ná samfellu byggðar og náttúru.
- ▶ Huga skal að bæjarbrag á Höfn.

14.5.1 Helstu breytingar frá fyrra aðalskipulagi

- ▶ Dregið er úr umfangi nýrra íbúðarsvæða á Höfn frá gildandi aðalskipulagi.
- ▶ Á nokkrum stöðum eru áherslur í landnotkun endurskoðaðar á minni svæðum og skilgreiningum breytt frá gildandi skipulagi.

15 Miðsvæði (M)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

***Miðsvæði (M):** Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.*

Samfellt miðsvæði er skilgreint á Höfn meðfram Hafnarbraut frá Víkurbraut að Hafnarvík, svæði á Sandeyri, og meðfram Víkurbraut frá Hafnarvík að opnu svæði sunnan Fiskhóls.

Við skipulag og byggingu svæðisins skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar, fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.

Á miðbæjarsvæði, meðfram Hafnarbraut frá Víkurbraut að Bogaslóð, er gert ráð fyrir nýbyggingum fyrir verslun, þjónustu, menningarstarfsemi, trúarstofnunum og íbúðum eftir atvikum. Uppbyggingin skal móta markvissa götumynd og heilsteypt miðbæjarrými. Byggingar á einni til þremur hæðum.

Meðfram Hafnarbraut frá Bogaslóð að Hafnarvík skal virða byggðarmynstur gömlu byggðarinnar og byggja á forsendum hennar. Íbúðabyggð með ívafi verslunar, þjónustu og menningarstarfs. Byggingar á einni til tveimur hæðum.

Á svæðinu „Hafnarvík/Heppa“ er stefnt að endurgerð þyrpingarinnar sem þar stóð, og nýbyggingum í mælikvarða hennar. Byggingar á einni til þremur hæðum fyrir atvinnustarfsemi, þjónustu, menningarstarfsemi, safnastarfsemi, sem hæfir staðsetningunni og styrkir heildina.

Á Sandeyri er svæði fyrir verslun, þjónustu og menningarstarfsemi, hlutdeild íbúða eftir atvikum. Mikið svigrúm til nýbygginga á einni til þremur hæðum.

Meðfram Víkurbraut, frá Hafnarvík að Bugðuleiru er svæði fyrir verslun, þjónustu, hreinlega atvinnustarfsemi (sbr. skilgreiningu á starfsemi á „athafnasvæði (AT)“) og menningarstarfsemi.


Meðfram Víkurbraut, milli Bugðuleiru og Fákaleiru, er svæði fyrir tveggja hæða verslunar- og þjónustuhús með íbúðum á efri hæð.

Á miðsvæðinu er m.a. gert ráð fyrir að byggð verði og starfrækt gistihús. Alls má gera ráð fyrir um 250 gistirýmum á svæðinu.

Miðsvæðið er 14,8 ha.

15.1 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Miðsvæði á Höfn er stækkað frá gildandi aðalskipulagi. Það myndar nú samfellu í kjarna byggðarinnar.



16 Verslun og þjónusta (VÞ)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Verslun og þjónusta (VÞ): Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Vaxtarbroddur í verslun og þjónustu í sveitarfélaginu er einkum á sviði ferðaþjónustu, og mikil eftirspurn eftir gistirými. Áhersla er því lögð á að halda reiðu á fjölgun gistirýma og staðsetningu

þeirra, meðan fjallað er um heimildir til annarrar uppbyggingar með almennari hætti.

16.1 Verslun og þjónusta á Höfn


Svæði fyrir verslun og þjónustu á Höfn eru við Hótel Höfn við Víkurbraut (verslunar- og þjónustukjarnar á mótum Hafnarbrautar og Víkurbrautar) á mótum Vesturbrautar og Hafnarbrautar (meðfram Hafnarvegi innan við Dalbraut) og við Hvannabraut (sjá töflu og mynd).

Við skipulag og byggingu svæðanna verði lögð áhersla á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar, fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.

Tafla 16.1 Verslun og þjónusta á Höfn

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang *
VP 1	Víkurbraut / Júllatún. Hótel / gisting. Allt að 140 gistirými. Heimilt að nota hús á Júllatúni fyrir íbúðir. Nærri fullbyggt. 0,8ha
VP 2	Hafnarbraut / Víkurbraut. Verslun, eldsneytissala og tilheyrandi þjónusta. 0,3ha
VP 3	Hafnarbraut / Vesturbraut. Gistihús, eldsneytissala og tilheyrandi þjónusta, verslun. Allt að 40 gistirými. 2,6ha
VP 4	Hafnarvegur / Dalbraut. Verslun, Samkomuhús / safnaðarstarf. 1,5ha
VP 5	Hvannabraut. Gistihús, allt að 40 gistirými. Heimilt að nota húsnæði sem íbúðir. 0,3ha
VP 6	Álögarey. Verslun og ferðaþjónusta. Gistihús, allt að 40 gistirými. 0,3ha.

* Fjöldi gistirýma, íbúða og fristundahúsa er til viðmiðunar. Bæjarstjórn sker úr um vikmörk.




Mynd 16.1 Verslun og þjónusta á Höfn

16.2 Verslun og þjónusta í Nesjahverfi og sveitunum

Svæði fyrir verslun og þjónustu í Nesjahverfi er óbreytt frá fyrra aðalskipulagi, þar er svigrúm fyrir talsverða uppbyggingu. Við deiliskipulag skal gætt samfelli við byggðina sem fyrir er og styrkja heildarmynd hverfisins.

Uppbygging verslunar og þjónustu í sveitunum tengist fyrst og fremst ferðaþjónustu og mögulegri afleiddri þjónustu. Stefnt er að verulegri uppbyggingu gistirýma í sveitunum, á svæðum sem eru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði, sjá töflu 16.2 og sveitarfélagsupprátt.

Við deiliskipulag fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustusvæðum í sveitunum skal tekið mið af byggðarmynstri og landslagi, sbr. m.a. umfjöllun í kafla „7.1.1 Uppbygging vegna ferðaþjónustu í sveitum“ hér að framan.



Mynd 16.2 Verslun og þjónusta í Nesjahverfi

Tafla 16.2 Verslun og þjónusta í Nesjahverfi og sveitunum

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 7	Stafafell. Ferðaþjónusta, gisting – allt að 40 gistirými – og greiðasala, upplýsingamiðstöð. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Stafafell er kirkjujörð frá fornu fari, þar er sóknarkirkja og kirkjugarður. Uppbygging vegna kirkjustarfsins og umsýslu með kirkjugarðinum skal heimil skv. deiliskipulagi. Hringtákn ~ 3ha.
VP 8	Brekka. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 30 gistirými. Tjaldsvæði. Hringtákn ~ 3ha.
VP 9	Árnanes. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gistirými. 1,6ha
VP 10	Seljavellir. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 20 gistirými. 1,5ha
VP 11	Í Nesjahverfi eru tvískipt verslunar- og þjónustusvæði, þar skal heimil uppbygging vegna verslunar, gistiþjónustu og greiðasölu. Allt að 100 gistirými. 3,7ha
VP 12	Lindarbakki. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 100 gistirými. Hringtákn ~ 3ha.
VP 13	Hoffell / Miðfell. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala, upplýsingamiðstöð. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 20 gistirými. Í Hoffelli er bændakirkja. Uppbygging vegna kirkjustarfsins heimil. Svæðisafmörkun ~ 10ha.
VP 14	Árbær / Brunnhóll. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gistirými. Sóknarkirkja og kirkjugarður. Uppbygging vegna kirkjustarfsins og umsýslu með kirkjugarðinum skal heimil, skv. deiliskipulagi. Svæðisafmörkun ~ 3ha.
VP 15	Lambleiksstaðir. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 40 gistirými. Tjaldsvæði. Hringtákn ~ 3ha.
AF 16	Hólmur. Gisting og greiðasala, áningarstaður, húsdýragarður, frístundahús. Allt að 30 gistirými. Svæðisafmörkun ~ 3ha.
VP 17	Skálafell. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 30 gistirými. Tjaldsvæði, áningarstaður fyrir útivistarfólk tengdur gönguleið í Hjallanesi og um Heinabergssvæðið, frístundahús (2 hús). Svæðisafmörkun ~ 3ha.
VP 18	Smyrlabjörg. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil skv. deiliskipulagi. Allt að 100 gistirými. Svæðisafmörkun ~ 3ha.
VP 19	Uppsálar. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Endurgerð gamla íbúðar- og útihúsa. Viðbótaruppbygging á forsendum bæjarhladsins skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt 30 gistirými. Hringtákn ~ 1ha.

* Fjöldi gistirýma og íbúða er til viðmiðunar. Bæjarstjórn sker úr um vikmörk.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 20	Hestgerði. Verslun / eldsneytissala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Hringtákn ~ 1ha.
VP 21	Vagnstaðir. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 30 gistirými. Hringtákn ~ 1ha.
VP 22	Miðþorpið / Hrollaugstaðir. Ferðaþjónusta, gisting og greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 60 gistirými. Tjaldsvæði. Kálfafellsstaður er kirkjujörð, þar er sóknarkirkja og kirkjugarður. Uppbygging vegna kirkjustarfsins og umsýslu með kirkjugarðinum skal heimil, skv. deiliskipulagi. Íbúðarbyggð. U.þ.b. 1ha, lágreist, smágerð byggð, 1 til 2 hæðir. U.þ.b. 5 íbúðir. Svæðisafmörkun ~ 5ha.
VP 23	Breiðabólstaður, Gerði, Hali. Ferðaþjónusta, fræðasetur, gisting, greiðasala. Uppbygging heimil skv. deiliskipulagi. Allt að 300 gistirými. Íbúðarbyggð, lágreist, smágerð byggð, 1 til 2 hæðir. U.þ.b. 6 íbúðir. Svæðisafmörkun ~ 13ha.
VP 24	Reynivellir 1. Ferðaþjónusta, gisting / hótél. Allt að 120 gistirými. Hringtákn ~ 3ha.
VP 25	Reynivellir. Ferðaþjónusta, gisting/hótél. Allt að 200 gistirými. Svæðisafmörkun ~ 8ha.
VP 26	Hnappavellir. Ferðaþjónusta, gisting, greiðasala. Uppbygging vegna hennar heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 120 gistirými.
VP 27	Fagurhólmýri. Ferðaþjónusta - verslun. Svæðisafmörkun ~ 10ha.
VP 28	Fagurhólmýri. Ferðaþjónusta – verslun. Hringtákn ~ 3ha.
VP 29	Hofsnes. Ferðaþjónusta, upplýsingamiðstöð, gisting, greiðasala. Uppbygging heimil skv. deiliskipulagi. Allt að 50 gistirými. Hringtákn ~ 3ha.
VP 30	Hof. Ferðaþjónusta, gisting, greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Tjaldsvæði. Áningarstaður við Hofskirkju. Hof er kirkjujörð frá fornu fari, þar er sóknarkirkja og kirkjugarður. Uppbygging vegna kirkjustarfsins og umsýslu með kirkjugarðinum skal heimil, skv. deiliskipulagi. Grunnskóli og samkomuhús. Uppbygging heimil, skv. deiliskipulagi. Íbúðarbyggð, U.þ.b. 1ha, lágreist, smágerð byggð, 1 til 2 hæðir. U.þ.b. 5 íbúðir. Frístundahús, 2 hús. Svæðisafmörkun ~ 26ha.
VP 31	Hof / Nónhamar. Ferðaþjónusta, gisting, greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Svæðisafmörkun ~ 5ha. Allt að 300 gistirými samtals á VP 30 og VP 31.
VP 32	Svínafell. Ferðaþjónusta, gisting, greiðasala. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi. Allt að 80 gistirými. Frístundahús, 2 hús. Svæðisafmörkun ~ 3ha.
VP 33	Freysnes. Ferðaþjónusta, hótél og greiðasala, verslun, tjaldsvæði. Uppbygging skv. deiliskipulagi heimil. Allt að 200 gistirými. Íbúðarbyggð. U.þ.b. 2ha, lágreist, smágerð byggð, 1 til 2 hæðir. 15-25 íbúðir. Svæðisafmörkun ~ 35ha.

16.3 Skilmálar fyrir verslun og þjónustu

- ▶ Við skipulag og byggingu svæðanna á Höfn skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar, fylla í bæjarmyndina svo hún verði samfelld.
- ▶ Við uppbyggingu á svæðum verslunar og þjónustu í sveitum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi, sbr. kafla 7.1., sem eru m.a.:
 - > Að byggð falli að byggðarmynstri, sé í samhengi við staði þar sem hefur verið búseta, eða tengist bæjarhlöðum og myndi eftir atvikum samfellu með byggð sem þegar stendur, og sé víkjandi í landslagi.
 - > Að vandað sé til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.

16.4 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Á Höfn eru reitir, þar sem rekin er gistipjónusta við Víkurbraut og Hvannabraut, skilgreindir sem svæði fyrir verslun og þjónustu, þar sem áður voru „íbúðarsvæði“ og „svæði fyrir þjónustustofnanir“.
- ▶ Í Nesjahverfi er svæði fyrir verslun og þjónustu stækkað til muna. Svæði sem áður voru skilgreind sem „svæði fyrir þjónustustofnanir“ eru felld undir verslun og þjónustu.
- ▶ Í sveitunum er svæðum fyrir verslun og þjónustu fjölgað verulega, langflest vegna ferðaþjónustu.

17 Samfélagsþjónusta (S)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.


Samfélagsþjónusta (S): Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

17.1 Samfélagsþjónusta á Höfn

Á Höfn eru skilgreind sex svæði fyrir samfélagsþjónustu.

Tafla 17.1 Samfélagsþjónusta á Höfn

S nr.	Starfsemi / staðsetning
S 1	Grunnskóli – Garðshóll. Uppbygging vegna skólans heimil, skv. deiliskipulagi. 1,0ha
S 2	Grunnskóli – Víkurbraut. Uppbygging vegna skólans heimil, skv. deiliskipulagi. 1,3ha
S 3	Kirkja, kirkjugarður, leikskólar, heilsugæsla og íbúðir fyrir aldraða – Víkurbraut, Kirkjubraut og Norðurbraut. Uppbygging vegna þessarar starfsemi heimil, skv. deiliskipulagi. 7,4ha
S 4	Landmælingastöð – Miðfjórshúshóll, Uppbygging vegna hennar heimil skv. deiliskipulagi. 1,9ha
S 5	Fjarskiptastöð – Stekkaklettur. Uppbygging vegna hennar heimil skv. deiliskipulagi.



Mynd 17.1 Samfélagsþjónusta á Höfn

17.2 Samfélagsþjónusta í sveitunum

Tafla 17.2 Samfélagsþjónusta í sveitunum

S nr.	Starfsemi / staðsetning
S 7	Kirkja, aðstaða vegna hennar, gamall kirkjugarður – Bjarnanes. 1ha

17.3 Skilmálar fyrir samfélagsþjónustu

- ▶ Við skipulag og byggingu svæðanna í þéttbýlinu á Höfn skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar og fylla í bæjarmyndina.
- ▶ Við uppbyggingu á svæðum samfélagsþjónustu utan þéttbýlisins skal taka mið af mannvirkjum sem fyrir eru og landslagi, og vanda til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.

17.4 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Á Höfn eru óverulegar breytingar á svæðum fyrir samfélagsþjónustu frá fyrra skipulagi, smávægilegar tilfærslur milli landnotkunarflokka.
- ▶ Í Nesjahverfi og sveitunum er svæðum fyrir samfélagsþjónustu fækkað verulega, þar sem samfélagsþjónusta verður víkjandi landnotkun þar sem önnur ríkjandi landnotkun er skilgreind, í flestum tilfellum verslun og þjónusta.


18 Athafnasvæði (AT)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Athafnasvæði (AT): Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hættu er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

18.1 Athafnasvæði á Höfn

Þrjú athafnasvæði eru á Höfn og eitt í Nesjahverfi.



Mynd 18.1 Athafnasvæði á Höfn

Tafla 18.1 Athafnasvæði á Höfn og í Nesjahverfi


AT nr.	Starfsemi / staðsetning
AT 1	Heppa og Leirusvæði norðan við Álaugarveg að Bugðuleiru. Margvísleg atvinnustarfsemi, rafstöð, sláturhús, léttur iðnaður, verkstæði og smiðjur, geymslur og áhaldahús, geymsluport. Heimilt er að starfrækja verslun. Svæðið tengist hafnarsvæði. Móttöku- og flokkunarstöð fyrir sorp við Álaleiru á Höfn er innan svæðisins. 12,1ha.
AT 2	Við Hafnarveg norðan við Miðfjárhúshól. Verkstæði, léttur iðnaður. 1,4ha
AT 3	við Fjárhúsvík. Geymslusvæði, léttur iðnaður. 4,4ha
AT 4	Nesjahverfi, norðaustan við íbúðabyggðina. Léttur iðnaður, verkstæði og smiðjur. 1,5ha.

18.2 Skilmálar fyrir athafnasvæði

- ▶ Við skipulag og byggingu svæðisins í þéttbýlinu á Höfn og í Nesjahverfi skal leggja áherslu á að styrkja heildaryfirbragð byggðarinnar og fylla í bæjarmyndina.
- ▶ Við uppbyggingu á athafnasvæðum utan þéttbýlisins skal taka mið af mannvirkjum sem fyrir eru og landslagi, og vanda til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.

18.3 Breytingar frá fyrra skipulagi

Engar breytingar eru á athafnasvæðum frá fyrra skipulagi.



Mynd 18.2 Athafnasvæði í Nesjahverfi

19 Iðnaðarsvæði (I)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Iðnaðarsvæði (I): Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. Afmarka þarf iðnaðarsvæði fyrir virkjanir í orkunýtingarflokki og setja skipulagsákvæði til samræmis við verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir 5 iðnaðarsvæðum, sbr. eftirfarandi töflu.

Tafla 19.1 Iðnaðarsvæði á Höfn, í Lóni og Nesjum

I nr.	Starfsemi / staðsetning
I 1	Sorpurðunarsvæði í Skarðsdal. Stærð um 10 ha.
I 2	Söfnunarsvæði fyrir brotajárn, við Horn. Stærð um 1 ha.
I 3	Í Hjarðarnesi, steypustöð. Stærð um 0,5 ha.
I 4	Leiðarhöfði - skólpdælustöð – svigrúm fyrir mannvirki og aðkomu. Stærð um 0,5ha.
I 5	Smyrlabjargaárvirkjun – vatnsaflsvirkjun 1,3 MW. Stærð um 5 ha.

19.1 Sorpurðunar- og endurvinnslusvæði

Sorp í Sveitarfélaginu Hornafirði er urðað á sorpurðunarsvæði í Skarðsdal í Lóni (I1). Urðunarstaðurinn hefur starfsleyfi til 6. nóvember 2028 og skv. því er heimilt að urða allt að 3.000 tonnum af almennum neyslu- og rekstrarúrgangi á ári. Tafla 19.2 sýnir yfirlit um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu (Hornafjörður, 2013).

Við Horn er söfnunarsvæði fyrir brotajárn (I 2), þar sem heimilt er að geyma brotajárn.

Innan Vatnajökulþjóðgarðs hefur verið urðað sorp á tveimur stöðum. Annar þeirra er við varnargarð Skeiðarár vestan við Sandasel. Hinn er við jökulgarð framan við Skaftafellsjökul. Vatnajökulþjóðgarður hefur leyfi frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands fyrir “rekstri á geymslugryfju fyrir seyru” við varnargarð Skeiðarár en þar hefur einnig verið urðaður byggingarúrgangur (Fræðasetur HÍ á Hornafirði, 2010).

Miðað við fyrirliggjandi stefnu er gert ráð fyrir að sorpförgunarstaðir í sveitarfélaginu geti tekið við þeim úrgangi sem fellur til á skipulagstímabilinu.

Tafla 19.2 Meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu

Meðhöndlun úrgangs	2010 Magn (tonn)	Af heild	2011 Magn /2011)	Af heild
Urðun	1.804	89%	2.065	82%
Endurvinnsla	223	11%	467	18%
Samtals	2.027	100%	2.532	100%

19.2 Skólpdælustöð

Við Leiðarhöfða er afmarkað svæði fyrir skólpdælustöð (I 4). Munu framkvæmdir verða í samræmi við aðgerðaráætlun sveitarfélagsins í fráveitumálum, sjá kafla 29.4.1. Svæðið var áður skilgreint sem opið svæði.

19.3 Önnur iðnaðarsvæði

► *I3 Steypustöð í Hjarðarnesi*
Steypustöð.

► *I5 Smyrlabjargaárvirkjun*

Virkjun og miðlunarlón í Suðursveit. Afkastageta er 1,3 MW. Framleiðsla virkjunin tengist inn á Prestbakkalínu.

19.4 Skilmálar á iðnaðarsvæðum

- Vísað er til skilmála í starfsleyfi urðunarsvæðis í Skarðdal (Mel í landi Fjarðar).
- Lokun urðunarstaða skal m.a. vera skv. 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
- Miðlunarlón Smyrlabjargaárvirkjunar er að hluta til innan svæðis á Náttúruminjaskrár (nr. 632), Skálafellsjökull og fjalllendi í Suðursveit. Umsagnar Umhverfisstofnar þarf ef

ráðgerðar eru breytingar á lóninu skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

- ▶ Almennu skulu mannvirki á iðnaðarsvæðum taka mið af staðháttum – mannvirkjum sem fyrir eru og landslagi. Vanda skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.

19.5 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Engin iðnaðarsvæði voru skilgreind í fyrra skipulagi, starfsemin sem þau eru nú helguð tilheyrði þá öðrum landnotkunarflokkum.

20 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E): Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Efnisnámur eru yfirleitt skilgreindar sem óendurnýjanleg auðlind og því mikilvægt að við nýtingu sé horft til framtíðar við skipulag þessa málaflokks. Sérstaða sveitarfélagsins hvað varðar efnisnám er uppspretta efnis vegna efnisflutnings jökulfljóta annars vegar og sjávar hins vegar. Auðlindin er því að ákveðnu marki endurnýjanleg. Þó eru einnig grjótnámur í sveitarfélaginu, en þær eru mun færri og ákveðin dreifing á milli þeirra. Slíkar

námur eru óendurnýjanleg auðlind, en mjög mikilvægar í ýmsa mannvirkjagerð m.a. í varnargarða við vatnsföll og strandlengjuna.

Efnispörf í sveitarfélaginu verður sveiflukennd milli ára og háð þeim framkvæmdum sem ráðist verður í á skipulagstímabilinu. Helst verður efni notað til vegagerðar þ.m.t. færslur Hringveggar, viðhalds stofnvega, varnargarða, sjóvarnargarða, útflutnings og við uppbyggingar atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. Skipulagið gerir jafnframt ráð fyrir og heimilar umfangsminni efnistöku hér og þar í sveitarfélaginu.

Skipulagið gerir ráð fyrir fjölmörgum námum. Stærsti hluti þeirra er í farvegum jökuláa. Til þess að gefa skýrt yfirlit um þær kvaðir sem gilda um efnistöku og efnislosun í sveitarfélaginu er námum skipað í 5 flokka og um þá gilda mismunandi skilmálar.

Sveitarfélagið hefur það að stefnu að nýta jarðefni í sveitarfélaginu til mannvirkjagerðar, en með þeim skilmálum að huga þurfi að umhverfisáhrifum þeirra. Í mótun skipulags hafa námur verið sameinaðar og ákveðið að ganga frá og loka ákveðnum námum, gera skilmála um námur á viðkvæmum svæðum, og móta almennar leiðbeiningar við leyfismál- og skipulagsmál fyrir efnistöku í framtíðinni.

Í aðalskipulagi eru afmarkaðir um 90 efnistökuastaðir (E) og er heimild til efnisnáms mismikil, þótt í flestum tilvikum sé hún undir 50.000 m³ (kaflar 18.2-18.8). Efnistökusvæðin eru flest á láglendi og tengjast í flestum tilvikum jökulám og öðrum fallvötnum. Þó eru fáeinar námur ofan 300 m.y.s. og eru þær vegna nauðsynlegs viðhalds vega til að tryggja aðgengi að landssvæðum.

Tafla 20.1 Stærðarflokkar efnistökuastaða

Flokkur	Stærðarmörk	Skilmálar
1	Minni háttar efnistaka	Heimiluð er efnistaka til eigin nota. Slík efnistaka þarf ekki að vera afmörkuð á aðalskipulagi og er ekki háð framkvæmdaleyfi. Nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar laga um náttúruvernd.**
2	0 – 10.000 m ³	Hægt að veita framkvæmdaleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags, ef náma er í samræmi við lýsingu aðalskipulags og raskar ekki jarðmyndum sem njóta verndar.
3	10.001-49.999 m ³	Hægt að veita framkvæmdaleyfi byggt á stefnumörkun aðalskipulags, enda komi þar fram stærð námu, staðsetning, tegund efnis.
4*	50.000 – 149.999 m ³	Sveitarstjórn tekur ákvörðun um það hvort að deiliskipuleggja skuli efnistökusvæði áður en framkvæmdaleyfi sé veitt. Taka skal mið af staðháttum, mögulegum umhverfisáhrifum og framkvæmdatíma. Efnistaka er tilkynningarskyld skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
5*	Stærri en 150.000 m ³	Vinna þarf deiliskipulag fyrir efnistökusvæði og mat á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000 áður en hægt er að veita framkvæmdaleyfi.

* Sjá einnig skilmála á í kafla 18.1. ** Náttúruverndarlög nr. 60/2013, grein 57.

Í aðalskipulaginu eru afmarkaðir 2 sérstakir efnislosunarstaðir, vegna dýpkunar og viðhalds Hornafjarðarhafnar (E79) og vegna grjótnáms á Breiðamerkursandi (E82). Almenn er heimilt að haugsetja efni á efnistökusvæðum m.a. vegna þess að það þarf að vera mögulegt að nálgast efni óháð vatnavöxtum.

Almennt er stefnan sú að staðsetja efnistökusvæði utan verndarsvæða. Skipulagið heimilar þó efnistöku á stökum stað innan verndarsvæða og liggja fyrir því skýr rök ásamt því að umfang og staðsetning efnistöku er ekki talin hafa veruleg neikvæð umhverfisáhrif.

Heimilt er að taka efni úr árfarvegum án þess að náman sé merkt á skipulagi ef: umfang efnistöku er minna en 10.000 m³, ef Fiskistofa fellst á efnistöku með leyfi, að hún sé utan verndarsvæða, hafi ekki áhrif á aðra landnotkun nærri efnistökuastaðnum eða neðar í vatnsfallinu, ljóst sé að framburður árinna sé slíkur að áhrif efnistökkunnar verði óveruleg og að gengið verði frá námunni að efnistöku lokinni eða ljóst sé að vatnavextir komi til með að afmá sýnileg ummerki eftir efnistöku. Slík efnistaka er ávallt háð framkvæmdaleyfi.

20.1 Skilmálar vegna efnisnáms

- ▶ Námur eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Hornafjarðar skv. skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um náttúruvernd 44/1999, leyfi Fiskistofu skv. lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ef efnistaka er í eða við veiðivatn og starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- ▶ Námur sem eru stærri en 25.000 m² eða ráðgert er að taka meira en 50.000 m³ falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem ákveður um matsskyldu framkvæmda. Þessar námur falla einnig undir lög um

náttúruvernd nr. 44/1999. Vinna þarf deiliskipulag fyrir slíkar námur, nema ef þær eru í farvegi jökuláa eða vatnsfalla, utan verndarsvæða, hafi ekki áhrif á aðra landnotkun nærri efnistökuastaðnum eða neðar í vatnsfallinu, eru á gróðursnaudu landi, ljóst sé að framburður árinna sé slíkur að áhrif efnistökkunnar verði óveruleg og að gengið verði frá námunni að efnistöku lokinni eða ljóst sé að vatnavextir komi til með að afmá sýnileg ummerki eftir efnistöku.

- Námur sem eru stærri en 50.000 m² eða ráðgert er að taka meira en 150.000 m³ falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og eru matsskyldar. Þessar námur falla einnig undir lög um náttúruvernd nr. 44/1999. Vinna þarf deiliskipulag fyrir slíkar námur.

20.2 Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Höfn

E nr.	Staðsetning	Stærð / flokkur
E 79	Hornafjarðarós – efnislosunarsvæði við Stapaklett – botnefnum sem falla til við dýpkun Hornafjarðarhafnar og innsiglingar að henni dælt í álinn milli Mela og Óslands.	5

20.3 Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Lóni

E nr.	Staðsetning	Stærð / flokkur
E 83	Hvalnesskriður - skriða – möl – hringtákn ~1ha	2
E 1	Hvaldalsá - farvegur / áraurar – fin möl – hringtákn ~2ha	2
E 2	Össurá - farvegur / áraurar – fin möl – hringtákn ~2ha	2
E 3	Reyðará – klöpp – grjót – hringtákn ~3ha	5
E 4	Reyðará - farvegur / áraurar – hringtákn ~3ha	3
E 5	Karlsá - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~3ha	4
E 6	Hlíðará - í landi Stafafells - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 7	Hlíðará – Grjótnáma – sprengt úr klöpp – hringtákn ~1ha	2 verður lokað
E 8	Jökulsá í Lóni v. Stafafellsgarð – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~3ha	4
E 9	Jökulsá v. Brekku – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~3ha	3
E 10	Gjádalsá – Laxá – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	4
E 11	Gjádalsá - farvegur / áraurar – hringtákn ~1ha	2
E 12	Þorgeirsstaðaá - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 13	Stafafell-Jökulsá-milli Arasels og Hnútu – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha. Efnistaka einungis til viðhalds vegi inn með Jökulsá.	3
E 14	Stafafell-Hvannagil – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha. Efnistaka einungis til viðhalds vegi inn með Jökulsá.	3
E 29	Skyndidalur, Skyndidalsá – skriða – möl – hringtákn ~1ha	2
E 30	Kjarrdalsheiði við Illakamb – melur – möl – hringtákn ~1ha. Efnistaka einungis til viðhalds vegi um Kjarrdalsheiði.	2
E 15	Laxárdalur – frístundabyggð - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~1ha	2
E 16	Fjarðará - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 17	Fjarðará – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 18	Slaufudalur - farvegur / aurkeila – möl – hringtákn ~2ha	3

20.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Nesjum

E nr.	Staðsetning	Stærð / flokkur
E 19	Kirkjusandur, Horn - fjara – sandur – hringtákn ~2ha	3
E 20	Litla Horn, Horn – klappir, skriða – grjót – hringtákn ~1ha	3
E 21	Gulu skriður, Horn – skriða – grjót, möl – hringtákn ~1ha	3
E 22	Austurfjörur – 1, fjara – sandur – hringtákn ~3ha	4
E 23	Austurfjörur – 2, fjara – sandur – hringtákn ~3ha	4
E 24	Austurfjörur – 3, fjara – sandur – hringtákn ~3ha	4
E 25	Austurfjörur – Pinganessker, fjara – sandur – hringtákn ~3ha	4
E 85	Austurfjörur – 4 fjörukambur – sandur – geymslusvæði / haugsetning – hringtákn ~3ha	3
E 26	Selbrekka / Horn – skriða – möl – hringtákn ~1ha	3
E 27	Almannaskarð – skriða – möl – umfang efnistökusvæðisins er um 35.000m ² – hringtákn	3
E 28	Friðsæld, Dynjandi – skriða og aurkeila – möl – umfang efnistökusvæðisins er um 130.000m ² – 13ha.	5
E 80	Laxá við Meðalfell - farvegur / áraurar – möl – 3ha	2
E 81	Laxá við flugvöll - farvegur / áraurar – möl - 2ha	2
E 31	Lindarbakki – aurkeila möl – hringtákn ~2ha	2
E 32	Grjótá, Krossbær – farvegur, aurkeila – möl / grjót – hringtákn ~ 2ha	2
E 33	Setberg – framhlaup, aurkeila – möl – hringtákn ~2ha	4
E 34	Hornafjarðarfliót – farvegur – möl / sandur – umfang efnistökusvæðisins er um 6.800.000m ² – 680ha	5
E 35	Skógey – klapparholt – grjót – 11ha	5
E 36	Skógey – klapparholt – grjót – 3ha	5
E 37	Austurfliót – við Hoffell – þurr farvegur – möl – hringtákn ~2ha	3
E 38	Svínafell – 1 – Austurfliót – þurr farvegur – möl – umfang efnistökusvæðisins er um 130.000m ² – hringtákn ~5ha	3
E 39	Svínafell – 2 – klöpp – grjót, sprengt – efnistökusvæðið er um 3.500m ² og fyrirhuguð efnistaka 10.000m ³	2
E 40	Svínafell – 3 – klöpp – grjót – hringtákn ~1ha	3

20.5 Efnistöku- og efnislosunarsvæði á Mýrum

E nr.	Staðsetning	Stærð / flokkur
E 42	Grjótá – farvegur – möl – hringtákn ~2ha	2
E 43	Grjótá – árkeila – grjót – umfang efnistökusvæðisins er um 54.000m ² – 5,4ha	4
E 44	Djúpá - farvegur / áraurar – umfang efnistökusvæðisins er um 550.000m ² – 55ha	5
E 45	Hlíðaberg -farvegur / aurkeila – möl – hringtákn ~2ha	2
E 46	Haukafell – farvegur / aurar – möl – hringtákn ~1ha	2
E 47	Hólmsá - þurrir áraurar – möl – umfang efnistökusvæðisins er um 100.000m ² – 10ha	5
E 48	Hólmsá - farvegur / áraurar – möl – umfang efnistöku- svæðisins er um 130.000m ² – 13ha	4
E 49	Skinney – klöpp – grjót – hringtákn ~1ha	2
E 50	Heinabergsvötn - þurrir áraurar – möl	2

20.6 Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Suðursveit


E nr.	Staðsetning	Stærð / umfang
E 51	Hjallanes - klöpp / farvegur - grjót – hringtákn ~1ha	2 verður lokað
E 84	Kolgríma – austan ár / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 52	Kolgríma - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~3ha	4
E 53	Smyrlabjargaá – Smyrlabjargaárvirkjun – melur – möl – hringtákn ~2ha – verður lokað og gengið frá	2
E 54	Skálafellsjökulsvegur – Þverá – farvegur / aurkeila – möl – hringtákn ~1ha	2
E 55	Skálafellsjökulsvegur – Innstavatn – farvegur – möl – hringtákn ~1ha	3
E 56	Þormóðshnúta – jökulalda – líparítmöl – hringtákn ~3ha	3 20 þús. m ³ .
E 57	Brunnavellir – skriða / aurkeila – möl – hringtákn ~1ha	3
E 58	Steinavötn / Steinasandur – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~3ha	3
E 59	Kálfafellsdalur, Kaldárgil – farvegur / aurkeila – grjót – tínt upp – hringtákn ~1ha	3
E 60	Breiðamerkursandur / Fellsá – farvegur – möl – hringtákn ~2ha	3
E 61	Breiðamerkursandur – þurrir áraurar – möl – hringtákn ~2ha	2
E 62	Nýgræðukvíslar – þurrir áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 82	Breiðarlón – þurrir áraurar – efnislosunarsvæði fyrir grjót úr svæði E 63 – hringtákn ~1ha	3
E 63	Breiðarlón – klöpp – grjót – hringtákn ~3ha	4

20.7 Efnistöku- og efnislosunarsvæði í Örafum

E nr.	Staðsetning	Stærð / umfang
E 64	Hrúta – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~3ha	3
E 65	Hóla – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 66	Stigá - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 67	Gljúfursá - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 68	Grafargil – farvegur – möl – hringtákn ~1ha	3
E 69	Kotá – farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	4
E 70	Sandfell - aurkeila / skriða – sandur / möl – hringtákn ~1ha	2
E 71	Virkisá / Falljökull – jökulöldur / farvegur / aurar – grjót – hringtákn ~2ha	2
E 72	Virkisá – farvegur/ aurar – möl – hringtákn ~2ha	4
E 73	Skaftafellsá / Svínafellsá - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	4
E 74	Skaftafellsá - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 75	Skeiðarársandur -1 – þurr farvegur – möl – hringtákn ~2ha	3
E 76	Skeiðarársandur -2 – farvegur – möl – hringtákn ~3ha	3
E 77	Skeiðarársandur -3 – Sæluhúsakvísl - farvegur / áraurar – möl – hringtákn ~2ha	3
E 78	Skeiðarársandur – 4 – Gígjukvísl – möl – hringtákn ~3ha	3

20.8 Breytingar frá fyrra skipulagi

- Efnistökusvæðum er fjölgað frá fyrra skipulagi, en stefnumörkun um eðli þeirra og umgengni um þau er óbreytt.




Mynd 20.1 Efnistöku- og efnislosunarsvæði.

21 Frístundabyggð (F)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Frístundabyggð (F): Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Skipulagið markar svæði fyrir frístundabyggð í sveitarfélaginu og er um að ræða núverandi svæði og ný, eða breytta afmörkun svæða. Á nokkrum stöðum eru frístundahús heimiluð á reitum sem falla undir aðra megin landnotkun (einkum eru það svæði fyrir verslun og þjónustu). Að öðru leyti er mörkuð sú stefna að frístundabyggð skal almennt ekki reisa utan skilgreindra svæða. Hins vegar heimilar skipulagið að byggja eitt stakstætt frístundahús á lögbýlum og telst það samrýmast landnotkunarheimild á landbúnaðarsvæði.



Í eftirfarandi töflum er gerð grein fyrir svæðum fyrir frístundabyggð. Nánar skal kveðið á um stærð og þéttleika svæðanna í deiliskipulagi.

21.1 Frístundabyggð í Lóni

F-nr.	Svæði	Fjöldi lóða
F 1	Reyðará – Stóramýri. Hringtákn ~ 3ha.	10 lóðir
F 2	Reyðará – klapparholt norðan bæjarlaðs. Svæðisafmörkun ~ 10ha.	6 lóðir
F 3	Reyðará – Karl. Svæðisafmörkun ~ 15ha.	5 lóðir
F 4	Brekka – Sighv.lundur ~ 2,5ha.	5 lóðir
F 5	Brekka / Stafafell – Stafafellsfjöll. 228ha.	85 lóðir
F 6	Þórisdalur – Dalsklif og Klifabotn – 35ha.	25 lóð
F 7	Þórisdalur / Hvammur – Laxárdalur ~ 220ha	20 lóðir
F 8	Hvammur – Gjádalur, beggja vegna ár í dalsmynni. ~ 69ha.	5 lóðir

21.2 Frístundabyggð í Nesjum

F-nr.	Svæði	Fjöldi lóða
F 9	Stórulæg – Myllulækur ~ 11ha.	12 lóðir
F 10	Lindarbakki – hringtákn ~ 2ha.	8 lóðir
F 11	Krossbær – hringtákn ~ 2ha.	2 lóðir
F 12	Hoffell / Miðfell – hringtákn ~ 2ha.	2 lóðir

21.3 Frístundabyggð á Mýrum

F-nr.	Svæði	Fjöldi lóða
F 13	Haukafell. 34ha.	5 lóðir

21.4 Frístundabyggð í Suðursveit

F-nr.	Svæði	Fjöldi lóða
F 14	Skálafell ~ 7ha.	2 lóðir
F 15	Kleifartangi – hringtákn ~ 2ha.	2 lóðir
F 16	Reynivellir – hringtákn ~ 3ha. Heimilt að byggja frístundahús og þjónustubyggingar sem nýtast einnig aðliggjandi afþreyingarsvæði fyrir ferðamenn.	15 lóðir

21.5 Frístundabyggð í Örafum

F-nr.	Svæði	Fjöldi lóða
F 17	Freysnes – 33ha.	20 lóðir

21.6 Skilmálar fyrir frístundabyggð

- ▶ Heimilt er að byggja 1 frístundahús á lögbýlum á landbúnaðarsvæðum.
- ▶ Ef byggja á 2 eða fleiri frístundahús skal það gert á skilgreindum svæðum frístundabyggðar.
- ▶ Útfærsla á þéttleika, veitukerfum og aðkomu skal gerð í deiliskipulagi.
- ▶ Þar sem það á við skal frístundabyggð heimil sem víkjandi landnotkun á svæðum með annarri ríkjandi landnotkun – samkvæmt skilgreiningu.

21.7 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Óverulegar breytingar eru á svæðum fyrir frístundabyggð frá fyrra skipulagi, svæðum fjölga lítillega.

22 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF): Svæði fyrir afþreyingu fyrir gesti og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, varanleg tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Í sveitarfélaginu er skilgreindur fjöldi afþreyingar- og ferðamannasvæði af margvíslegum toga, tjaldsvæði, áningar- og áfangastaðir.

22.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði á Höfn

AF-nr.	Svæði	Lýsing
AF 1	Tjaldsvæði á Höfn 7,6ha.	Tjaldsvæði, og gisting í smáhýsum.
AF 2	Stekkanes – 6,4ha.	Tjaldsvæði, og gisting í smáhýsum.

22.2 Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Lóni

AF-nr.	Svæði	Lýsing
AF 3	Stafafell – hringtákn ~ 1ha.	Tjaldsvæði.
AF 4	Hraunkot – Ytri-Völlur, Fundarhús Lónmanna. Hringtákn ~ 2ha.	Ferðapjónusta, upplýsingamiðstöð. Uppbygging vegna hennar skal heimil, skv. deiliskipulagi.
AF 5	Smiðjunes – hringtákn ~ 2ha.	Tjaldsvæði.
AF 6	Eskifell – hringtákn ~ 3ha.	Tjaldsvæði, áningarstaður, fjallaskáli.
AF 7	Kollumúli / Illikambur – hringtákn ~ 3ha.	Tjaldsvæði, áningarstaður, fjallaskáli.

22.3 Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Nesjum

AF-nr.	Svæði	Lýsing
AF 8	Geitafell – hringtákn ~ 1ha.	Áningarstaður, sbr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF 9	Hoffellsfjöll-undir Gjánúpi – hringtákn ~ 1ha.	Áningarstaður, fjallaskáli sbr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

22.4 Afþreyingar- og ferðamannasvæði á Mýrum

AF-nr.	Svæði	Lýsing
AF 10	Fláajökull / Jökulfell. Hringtákn ~ 3ha.	Áningarstaður, fjallaskáli.
AF 11	Heinaberg. Hringtákn ~ 3ha.	Áningarstaðir, sbr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

22.5 Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Öræfum

AF-nr.	Svæði	Lýsing
AF 17	Esjufjöll – hringtákn ~ 1ha.	Áningarstaður, fjallaskáli, sbr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF 18	Fjallsárlón / Breiðárlón. Svæðisafmörkun ~ 20ha.	Áningarstaðir. Þjónusta við ferðamenn, ferðasala, greiðasalaþ.
AF 19	Fagurhólsmýri. Hringtákn ~ 1ha.	Áningarstaður.
AF 20	Sandfell. Hringtákn ~ 2ha.	Áningarstaður – upphafs- og endastaður göngufólks í ferðum á Hvannadalshnjúk. Í Sandfelli eru ummerki eftir torfbæ og forn kirkjugarður.
AF 21	Skaftafell. Svæðisafmörkun – 32ha.	Upplýsinga- og þjónustumiðstöð í Vatnajökulsþjóðgarði. Tjaldsvæði. Heimilt að reisa byggingar og önnur mannvirki til margháttaðrar þjónustu við ferðamenn og rekstrar vegna hennar, svo sem þjónustumiðstöð og gestastofa – bílastæði, göngustígar, áningarstaðir.
AF 22	Morsárdalur-Bæjarstaðaskógur – hringtákn ~ 1ha.	Áningarstaður, sbr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF 23	Morsárdalur-við Vestra-Meingil – hringtákn ~ 1ha.	Áningarstaður, tjaldsvæði, fjallaskáli sbr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.
AF 24	Grímsfjall – hringtákn ~ 1ha.	Áningarstaður, fjallaskáli, sbr. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

22.6 Afþreyingar- og ferðamannasvæði í Suðursveit

AF-nr.	Svæði	Lýsing
AF 12	Skálafell - svæðisafmörkun ~ 15ha.	Tjaldsvæði.
AF 13	Þormóðshnúta við Skálafellsjökul. Hringtákn ~ 3ha.	Fjallaskálar, áningarstaður.
AF 14	Reynivellir. Hringtákn ~ 3ha.	Áningarstaður, tjaldsvæði.
AF 15	Hrollaugshólar. Hringtákn ~ 3ha.	Áningarstaður, tjaldsvæði.
AF 16	Jökulsárlón á Breiðamerkursandi austan Jökulsár. Svæðisafmörkun ~ 25ha.	Austan ár, norðan vegar skal heimilt að reisa byggingar og önnur mannvirki til margháttaðrar þjónustu við ferðamenn og rekstrar vegna hennar, svo sem upplýsinga- og þjónustumiðstöð, göngustíga og áningarstaði. Óheimilt að reka gistipjónustu.

22.7 Skilmálar fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði

- ▶ Á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal heimil mannvirkjagerð vegna starfseminnar sem þar er skilgreind, t.d. bílastæði, göngustígar, hús fyrir snyrtingar og aðra aðstöðu.
- ▶ Við uppbyggingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðum skal taka mið af byggðarmynstri og landslagi.
- ▶ Vandað skal til mannvirkja með tilliti til útlits, varanleika og viðhalds.
- ▶ Gera skal grein fyrir útfærslum í deiliskipulagi.

22.8 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Afþreyingar- og ferðamannasvæði er nýr landnotkunarflokkur. Í fyrra aðalskipulagi voru sum svæðanna skilgreind sem „opin svæði til sérstakra nota“, ekki var fjallað um önnur.

23 Íþróttasvæði (ÍÞ)


Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Íþróttasvæði (ÍÞ): Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.


23.1 Íþróttasvæði á Höfn og í Nesjum

Íþróttasvæði í sveitarfélaginu eru eftirfarandi:

ÍÞ-nr.	Svæði	Lýsing
ÍÞ 1	Íþróttavellir og knattússvæði í nágrenni grunnskóla milli Víkurbrautar og Garðshóls.	Skipulagðir íþróttavellir og aðstaða sem þeim fylgir, byggingar til íþróttaiðkunar. 4ha
ÍÞ 2	Golfvöllur á Silfurnesi.	Skipulagður golfvöllur og aðstaða sem rekstri hans og golfklúbbsins fylgir, þ.m.t. byggingar. 39ha
ÍÞ 3	Mótocross-braut við Ægissíðu innan við Sílavík.	Skipulögð akstursbraut og aðstaða vegna hennar, ekki heimilt að reisa varanlegar byggingar. 4ha
ÍÞ 4	Í Nesjahverfi,	skipulagðir íþróttavellir og aðstaða sem þeim fylgir. 2ha
ÍÞ 5	Fornustekkar í Nesjum.	Skeiðvöllur, reiðhöll og hesthúsahverfi. 13ha



Mynd 23.1 Ípróttasvæði á Höfn



Mynd 23.2 Ípróttasvæði í Nesjum

23.2 Breytingar frá fyrra skipulagi

- Ípróttasvæði er nýr landnotkunarflokkur. Í fyrra aðalskipulagi voru flest svæðanna skilgreind sem „opin svæði til sérstakra nota“. Mótocross-braut við Ægissíðu er nýtt svæði.

24 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Kirkjugarðar og grafreitir (Íb): Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.

Þrjár kirkjugarðar eru skilgreindir í sveitarfélaginu.

K-nr.	Svæði	Lýsing
K 1	Bjarnaneskirkjugarður við Laxá í Nesjum.	1,3ha

Kirkjugarðar eru einnig í Stafafelli, á Höfn, á Brunnhól, Kálfafellsstað, Hofi og Sandfelli. Þeir falla undir aðra landnotkunarflokka.

24.1 Breytingar frá fyrra skipulagi

- Kirkjugarðar og grafreitir er nýr landnotkunarflokkur. Í fyrra aðalskipulagi voru kirkjugarðar skilgreindir sem „opin svæði til sérstakra nota“.


25 Opin svæði (OP)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Opin svæði (OP): Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

25.1 Opin svæði á Höfn

OP-nr.	Svæði
OP 1	Ósland – fólkvangur.
OP 2	Bæjargarður í miðbæ Hafnar.
OP 3	Hóteltún – útvistarsvæði – skrudgarður.
OP 4	Ægissíða / Eystriklettur – útvistarsvæði / svæði fyrir frístundabúskap.



Mynd 25.1 Opin svæði á Höfn

25.2 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Opin svæði er nýr landnotkunarflokkur. Í fyrra aðalskipulagi voru svæðin skilgreind sem „opin svæði til sérstakra nota“ og „óbyggð svæði“, auk þess sem þau voru að hluta skilgreind sem „hafnarsvæði“ og „íbúðarsvæði“.

26 Samgöngur

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Vegir, götur og stígar (VG): Vegir, götur og tengd mannvirki og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegi utan þéttbýlis.

26.1 Hringvegur

Stofnvegir í sveitarfélaginu eru Hringvegurinn og Hafnarvegur (99).

Breytingar verða gerðar á Hringvegi, til að stytta hann og auka umferðaröryggi, í samræmi við stefnu Vegagerðarinnar. Áform um Hringveg eru lítið breytt frá aðalskipulagi 1998-2018.

- ▶ Lón – Lónsheiðargöng undir Lónsheiði. Farið er út af núverandi Hringvegi 1 skammt austan við Össurá, nærri þeim stað sem áður var ekið að Lónsheiði. Gert er ráð fyrir að göngin verði u.þ.b. 3km löng og eystri munninn verði í Starmýrardal, við Selá. Gerð hefur verið grein fyrir Lónsheiðargöngum „austan megin frá“ í aðalskipulagi Djúpavogshrepp.
- ▶ Lón – nýr vegur milli Volasels og Reyðarár, um nýja brú á Jökulsá í Lóni. Óbreytt frá aðalskipulagi 1998-2018.

- ▶ Nes – Mýrar – nýr vegur frá Hólmi á Mýrum, sunnan við Holtabæi, um Skógey, Hrísey og Hrafnsey, sunnan við Hafnarnes, um Mígandanes að Haga í Nesjum. Ný brú yfir Hornafjarðarfljót. Óbreytt frá aðalskipulagi 1998-2018.
- ▶ Nýr vegur og ný brú yfir Kolgrímu, sunnan við Skálafell í Suðursveit.
- ▶ Nýr vegur og ný brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi í Suðursveit. Vegna strandrofs er nauðsynlegt að flytja þjóðveginn fjær ströndinni.
- ▶ Nýjar brýr á Kotá og Virkisá í Öræfum, nýr vegur á milli þeirra, sunnan við núverandi veg – fjær fjalli.
- ▶ Nýr vegur milli Skeiðarár og Svínafellsár í Öræfum. Óbreytt frá aðalskipulagi 1998-2018.
- ▶ Ný tvíbreið brú verður byggð á Skeiðará við hlið núverandi brúar, styttri en eldri brúin, sem verður látin standa áfram.

Gert er ráð fyrir að víða verði útbúnir áningarstaðir við Hringveg 1, á völdum stöðum verði gerðir stuttir afleggjarar og bílaplön þar sem koma má fyrir kynningarskiltum ef við á.

26.2 Tengivegir

Nokkrir tengivegir eru sveitarfélaginu s.s. Almannaskarðsvegur (981), Hoffellsvegur (984) sem tengir Hoffell við Hringveginn og Skaftafellsvegur (998) sem tengir Skaftafell við Hringveginn.

Þar sem breytingar verða á legu Hringvegjar verður gamli Hringvegurinn (eftir breytingar) skilgreindur sem tengivegur. Á það við t.d. við Skeiðará og Svínfellsá, milli Kotár og Virkisár, í Lóni og við Hornafjarðarfljót.

26.3 Héraðsvegir

Fjölmarginir Héraðsvegir eru í sveitarfélaginu.

26.4 Landsvegir

Samkvæmt upplýsingum úr vegaáskilningum Vegagerðar er Jökulvegur (F985) skilgreindur sem landsvegur. Frá Hringvegi að skíðaskála við Skálafellsjökul. 16.080 m.

26.5 Gatnakerfi á Höfn

Dregið er úr áformum um breytingar á gatnakerfi á Höfn frá gildandi aðalskipulagi. Innakstur í bæinn hjá Mið-Fjórðungi verður óbreyttur frá því sem nú er en ný stofnbraut verður lögð austan og sunnan við Syðri Kletta, í jaðri íbúðasvæðis á Leirum að Álaugarvegi, að atvinnusvæðum við höfnina – til þess að leiða þungaumferð framhjá byggðinni.

Miðað við spá um þróun íbúafjölda er ekki að vænta verulegra breytinga á bílaumferð bæjarbúa. Bílaumferð ferðamanna hefur aukist til muna og væntanlega heldur sú þróun áfram. Það er að stofni til umferð smárra bíla og þarf ekki sérstakan forgang á aðra umferð.

Skipulagið gerir ráð fyrir nokkrum breytingum og einföldun á gatnakerfi á Höfn frá fyrra skipulagi, þ.á.m. nýrri stofnbraut að atvinnusvæðum við höfnina, framhjá þéttri byggð. Aðrar minni tilfærslur og breytingar inni í byggðinni.

26.6 Göngu-, hjóla- og reiðstígar

Stefnt er að lagningu göngu-, hjóla- og reiðvegjar meðfram þjóðvegi nr.1, í öruggri fjarlægð. Þar sem innansveitarvegir verða til vegna breytinga sem greint hefur verið frá á þjóðvegi

nr. 1, verður göngu-, hjóla- og reiðvegur þó lagður meðfram þeim, en ekki þjóðvegi nr. 1.

Þá er gert ráð fyrir reiðgötu frá innansveitarveginum að hesthúsahverfi á Ægissíðu á Höfn, og að skeiðvelli í Nesjum, og frá skeiðvelli yfir á Mýrar - um Skógey að núverandi brú yfir Hornafjarðarfliót.

26.7 Skilmálar fyrir samgöngur

- ▶ Færslur og breytingar á Hringvegi, sbr. kafla 26.1, eru tilkynningar- eða matsskyldar skv. lögum nr. 106/2000. Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hringvegjar um Hornafjarðarfliót.
- ▶ Færsla Hringvegjar við Jökulsárlón, milli Skeiðarár og Svínafellsár, Virkisár og Kotár og jarðgöng við Lónsheiði eru ekki á samgönguáætlun 2011-2022. Sveitarfélagið mun eiga samráð við Vegagerðina um útfærslu þessara framkvæmda.
- ▶ Veghelgunarsvæði Hringvegjar, Flugvallarvegjar og Nesvegjar er skv. vegalögum nr. 80/2007 30 m frá miðlínu. Veghelgunarsvæði tengivega er 15 m frá miðlínu. Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja innan veghelgunarsvæða nema leyfi veghaldara komi til.
- ▶ Sveitarfélagið mun hafa samráð við Vegagerðina um staðsetningu á áningarstöðum við Hringveginn.
- ▶ Á framkvæmdatíma er heimilt að reisa tímabundnar vinnubúðir vegna neðangreindra framkvæmda. Að framkvæmdum loknum skal ganga frá svæðinu undir vinnubúðir í samræmi við kröfur leyfisveitanda. Ef um er að

ræða starfsmannabúðir, sem ætlaðar eru til svefns, matar og daglegrar dvalar starfsfólks, þarf að vinna deiliskipulag í samræmi við skipulagsreglugerð. Varðandi annars konar vinnubúðir mun bæjarstjórn taka ákvörðun um það hvort þörf sé á deiliskipulagi vegna þeirra og er m.a. litið til stærðar, staðsetningar, umfangs vinnubúða og áhrifa á aðra landnotkun.

- > Lónsheiðargöng undir Lónsheiði.
- > Nýr vegur milli Volasels og Reyðarár, um nýja brú á Jökulsá í Lóni.
- > Nýr vegur frá Hólmi á Mýrum, sunnan við Holtabæi, um Skógey, Hrísey og Hrafnsey, sunnan við Hafnarnes, um Mígandanes að Haga í Nesjum. Ný brú yfir Hornafjarðarfliót.
- > Nýr vegur og ný brú yfir Kolgrímu, sunnan við Skálafell í Suðursveit.
- > Nýr vegur og ný brú á Jökulsá á Breiðamerkursandi í Suðursveit.
- > Nýjar brýr á Kotá og Virkisá í Örafum, nýr vegur á milli þeirra, sunnan við núverandi veg.
- > Nýr vegur milli Skeiðarár og Svínafellsár í Örafum.
- > Ný tvíbreið brú á Skeiðará við hlið núverandi brúar.

26.8 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Fallið er frá breytingum á innakstri í þéttbýlið á Höfn við Miðfjánhúshól, og ný stofnbraut að hafnarsvæðinu fram hjá þéttustu byggðinni styttil muna.
- ▶ Nýjar breytingar á hringveginum eru Lónsheiðargöng og stytting vegar við Skálafell og ný brú á Kolgrímu.



Mynd 26.1 Gatnakerfi á Höfn

27 Flugvellir (FV)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Flugvellir (FV): Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

FV-nr.	Svæði	Lýsing
FV 1	Hornafjarðarflugvöllur í Nesjum.	Ein flugbraut (núverandi flugbraut með lengingu til suðurs) 2.000m og þjónustusvæði við norðurenda hennar. Bílaumferðar frá Nesjavegi. Bílastæði, flughlað, byggingar og aðstöðu vegna flugvallarins við norðurenda flugbrautarinnar. Áætlunavöllur, Isavia annast rekstur vallarins.
FV 2	Fagurhólsmýrarflugvöllur í Örafum.	Ein flugbraut. Isavia annast rekstur vallarins.
FV 3	Flugvöllur við Skaftafell.	Í eigu og umsjón einkaaðila. Völlurinn er einkum notaður fyrir útsýnisflug.

27.1 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Flugvellir er nýr landnotkunarflokkur. Í fyrra aðalskipulagi voru svæðin skilgreind sem „öbyggð svæði“.

28 Hafnir (H)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Hafnir (H): Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgangi þessara vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Hafnir **H1** eru Hornafjarðarhöfn og Faxeyrarhöfn. Hafnarsvæðið er 72 ha.

Núverandi hafnaraðstaða verður þróuð og betrubætt. Bryggjur og viðlegukantar sem sýndir eru á skipulagsupprætti eru ekki bindandi.


Dælingum til að dýpka höfnina og innsiglinguna verður haldið áfram eftir þörfum.

Gert er ráð fyrir byggingu Faxeyrarhafnar út af Óslandi og að framkvæmdir fari fram í áföngum sem svari til þarfar og fjárveitinga. Áfangar verði skilgreindir þannig að uppbygging hennar svari raunverulegri þörf. Heimilaðar landfyllingar utan við Ósland verða takmarkaðar við að svara þörf til samræmis við áfanga framkvæmdanna.

Í skýringarmynd er gerð grein fyrir hugmyndum um áfangaskiptingu framkvæmda við Faxeyrarhöfn, sem ætlað er að laga uppbyggingu betur að þörfum og minnka umhverfisáhrif.

Á hafnarsvæðinu er svigrúm fyrir fiskvinnslu, verkstæði og smiðjur, geymslur og annað sem er nauðsynlegt fyrir útgerð og umsýslu við skip og báta.

Í Álögarey er flutningahöfn, verslun og olúbirgðastöð. Heimilt skal að stunda verslun, ferðapjónustu svo sem gistingu og greiðasölu þar að uppfylltum kröfum um heilbrigðis- og öryggismál.



28.1 Skilmálar

- ▶ Stækkun Faxeyrarhafnar er háð lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Umhverfisþættir sem þarf að skoða eru landslag og ásýnd, lífríki, verndarsvæði, sjór og vötn.

28.2 Helstu breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Hafnarsvæði er minnkað lítillega frá fyrra aðalskipulagi, svæði á Sandeyri norðan við Ósland og vestan við Óslandsveg er skilgreint sem opið svæði.

29 Grunnkerfi og helgunarsvæði (G)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Grunnkerfi og helgunarsvæði (G): Stofnhluti grunnkerfa, svo sem vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta, fráveitu og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

29.1 Vatnsveita

Vatnsból við Rimavatn í Laxárdal þjónar Höfn, Nesjahverfi og flestum bæjum í Nesjum.

Vatnból á Rauðabergsfjalli þjónar flestum bæjum á Mýrum.

Þrjú ný vatnsból eru skilgreind og eru tvö þeirra í Skaftafelli og eitt við Jökulsárlón.

Á Hofi í Öræfum eru allir bæir tengdir vatnsveitu.

Á öðrum bæjum eru brunnar eða nálægar lindir nýttar.

Stærsti hluti íbúa og atvinnustarfsemi og tveir fjölsóttustu ferðamannastaðir sveitarfélagsins er því eða verður tengdur vatnsveitu, þar sem afmarkað hefur verið verndarsvæði. Huga þarf að vatnsveitu til stakra bæja og við uppbyggingu ferðapjónustu og matvælastarfsemi á stöðum sem ekki eru tengdir vatnsveitu í dag.

29.2 Hitaveita

Á Höfn er stór hluti húsnæðis tengdur fjarvarmaveitu RARIK, sem hituð er með raforku (og olíu), en utan hennar eru hús kynt með rafmagni eða olíu. Fundist hefur nýtanlegur jarðhiti og er nýting hans hafin á nokkrum stöðum, t.d. í Hoffelli og Skaftafelli.

Smáar lindir og ölkeldur eru á nokkrum stöðum og grunnar holur sem boraðar hafa verið gefa jákvæðar vísbendingar um möguleika á virkjun jarðhita.

29.3 Rafveita

Lagnakerfi Landsnets og RARIK eru sýnd á skipulagssuppráttum.

Á tveimur stöðum er línunum hliðrað lítillega. Á Skeiðarársandi yfir Gígjukvísl og á Breiðamerkursandi austan við Jökulsá. Á báðum stöðum er það til að víkja línunni undan vatnsrofi.

Skipulagsstofnun telur áformin ekki matsskyld.

29.4 Fráveita

Megin skólupútrás Hafnar er við Leiðarhöfða í Hornafirði. Þar fer skólpi um 70-80% íbúa sveitarfélagsins. Skólpið fer í gegnum eins þreps hreinsun. Óhreinsað skólpi fer á nokkrum stöðum út í viðtaka, meðal annars í Skarðsfjörð sem er á náttúruminjasrá. Frárennsli margvíslegrar atvinnustarfsemi fer um útrás í Skarðsfirði.

Magn saurkóligerla mældist í 5. flokki reglugerðar 796/1999 við útrásina árið 2011. Sömuleiðis mældist styrkur gerla við aðalútrás við Leirhöfða í 4. flokki (HAUST, 2013). Megin markmið vatnalaga nr. 36/2011 er að ástand alls vatns verði gott eða mjög gott. Til þess að það markmið náist má mengun ekki vera meiri en svo að vatnið flokkist í 1. eða 2. flokk samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um mengun vatns.

Hreinsivirki sigvatns frá urðunarstað Sorpstöðvar Hafnar á Mel í landi Fjarðar hefur verið í ólagi og hætta er á efnamengun

grunnvatns og lækjarins sem er í grennd urðunarstaðarins (Umhverfisstofnun, 2012).

Rotþróm hefur verið komið fyrir á flestum bújörðum og þar sem um er að ræða nýleg frístundahús gildir hið sama.

Sveitarfélagið mun ráðast í úrbætur í fráveitumálum í sveitarfélaginu. Huga þarf að framtíðarlausn í fráveitu fyrir sveitarfélagið. Einn þeirra kosta sem þarf að skoða er að setja upp hreinsistöð, sem grófhreinsar skólpi, áður en það er losað til sjávar. Sveitarfélagið hefur sett þá stefnu að á skipulagstímabilinu verði annars vegar unnin framkvæmdaáætlun um aðgerðir í fráveitumálum og hins vegar ráðist í framkvæmdir til samræmis við kröfur. Að svo stöddu liggur ekki fyrir áætlun um aðgerðir og því er ekki unnt að fjalla um fráveitumannvirki í sveitarfélaginu.

Áætlanir sveitarfélagsins snúast að því að færa útrás úr höfninni og lögn frá Ásgarði verði sameinuð megin skólupútrás við Leiðarhöfða. Þannig færi sá hluti frárennslisins einnig í gegnum eins þreps hreinsun.

29.4.1 Aðgerðir vegna fráveitu

- ▶ Unnin verði framkvæmdaáætlun um aðgerðir í fráveitumálum í sveitarfélaginu. Byggt á henni verði forgangsraðað þeim aðgerðum sem ráðist verður í á skipulagstímabilinu.
- ▶ Við staðarval fráveitu og umfang þarf að taka tillit til umhverfisþátta s.s. lífríki sjávar og ásyndar.
- ▶ Gengið verði frá rotþróm við öll íbúðarhús, atvinnuhús og frístundahús í sveitarfélaginu skv. lögum, reglugerðum og samþykktum.

- ▶ Sveitarfélagið sjái um tæmingu rotþróa annað hvert ár og losi á viðurkenndan urðunarstað fyrir seyru, eigendur rotþróa greiði holræsagjald til sveitarfélagsins sem standi undir kostnaði vegna tæmingar rotþróanna.

29.5 Fjarskipti

Lagnakerfi Mílu eru sýnd á skipulagsuppdráttum.

29.6 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Óverulegar breytingar eru á grunnkerfum og helgunarsvæðum frá fyrra skipulagi.

30 Landbúnaðarsvæði (L)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Landbúnaðarsvæði (L): Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu.

Landbúnaðarsvæði er aðallandnotkunarflokkur í öllu dreifbýli sveitarfélagsins, í Lóni og Nesjum, á Mýrum, í Suðursveit og Örafum upp að 300m hæðarlínu. Fjalllendi ofan við 300 m er skilgreint sem óbyggð svæði.

Stundaður verður fjölbreyttur landbúnaður í sveitunum. Nýmæli í framleiðslu munu byggja á hefðum, reynslu og landkostum en víða í sveitum Hornafjarðar eru góð skilyrði fyrir nýjungar eins og korn- og repjurækt, sem vænst er að verði stunduð í vaxandi mæli.

Stefnt er að aukinni ferðaþjónustu í sveitum Hornafjarðar og að

hún verði eftir atvikum samþætt landbúnaði á lögbýlum. Ferðaþjónusta, svo sem gisting og greiðasala, innan tiltekinna stærðarmarka meðfram búskap, skal teljast hluti landbúnaðar á lögbýlum ef til hennar er notað húsnæði sem reist hefur verið til búrekstrarins – íbúðar- og útihús, allt að 16 gistirými.

Heimilt er að byggja 1 frístundahús á landbúnaðarsvæðum lögbýla.

30.1 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Breytingar eru á landbúnaðarsvæðum frá fyrra skipulagi. Svæði yfir 300 m hæðarlínu eru nú skilgreind sem „óbyggð svæði“ en töldust áður „landbúnaðarsvæði“. Einnig eru stór svæði á Breiðamerkursandi og Skeiðarársandi skilgreind sem „óbyggð svæði“. Það er einkum gert vegna læsileika skipulagsuppdráttanna en hefur ekki áhrif á nýtingu svæðanna sem afréttar. Reitum þar sem önnur sértæk landnotkun er innan landbúnaðarsvæðanna fjölgar verulega, í langflestum tilfellum vegna ferðaþjónustu af ýmsu tagi.

31 Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) / rofsvæði (RS)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) : Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Landnotkunarflokkurinn er notaður á skipulagsuppdráttum sem skýring.

Skógrækt er ekki áformuð í miklum mæli í sveitarfélaginu, engin skógræktar- og landgræðslusvæði eru skilgreind, en á landbúnaðarsvæðum mun áfram heimilt að vinna að staðbundnum verkefnum í samvinnu við Suðurlandsskóga.

Skipulagið gerir ráð fyrir að ræktun skjólbelta sé heimil á landbúnaðarsvæðum í því skyni að bæta skilyrði á ræktarlandi og öðru nytjalandi.

Í sveitarfélaginu eru stór svæði vaxin „náttúrulegum“ birkiskógum- og kjarri, en einnig er nokkuð um ræktað skóglendi. Þau svæði ásamt landgræðslusvæðum eru sýnd í skipulagsuppdrætti. Í lögum um náttúruvernd er sérstök áhersla lögð á verndun náttúrulegra skóga og er það stefna skipulagsins að framfylgja þeim.


Landgræðslan skilgreinir 4 svæði á láglandi í Sveitarfélaginu Hornafirði sem rofsvæði þar sem bregðast þurfi við til varnar. Þau eru skilgreind sem „skógræktar- og landgræðslusvæði“. Áfram

skal heimilt að sinna smærri svæðum á landbúnaðarsvæðum í gegnum verkefnið „bændur græða landið“ í samstarfi við Landgræðsluna, að frumkvæði bænda og landeigenda.

Uppgræðslustarf í Austur-Skaftafellssýslu byggist að mestu á þátttöku bænda í *Bændur græða landið* en árið 2010 voru skráðir þátttakendur í sýslunni 18 talsins. Einnig er unnið að gróðurvernd og endurheimt vistkerfa með tilstyrk *Landbótasjóðs Landgræðslunnar*.

Á Hólmsáraurum er unnið að uppgræðslu eftir að Hólmsá breytti um farveg og varnargarðar voru byggðir við ána. Í Skógey sem liggur milli Hoffellsár og Hornafjarðarflijóta voru einnig byggðir öflugir varnargarðar og landið friðað og þar hefur verið unnið að uppgræðslu síðan árið 1984, sem nú er að mestu lokið (sjá mynd 4.1 og töflu 4.1). Þá er unnið að uppgræðslu svokallaðra Skerja ofan Fagurhólsmýrar í landgræðslugirðingu sem girt var árið 1992.

Eitt landgræðslufélag er starfandi í sýslunni, Landgræðslufélag Öræfinga.



► **Rofsvæði**

Landgræðsla ríkisins hefur flokkað og forgangsraðað rofsvæðum í þrjá flokka eftir því hve brýnt er metið að ráðist verði í aðgerðir til að stöðva rofið og loka landinu, þ.e. mjög brýnt, brýnt og ekki brýnt. Við forgangsröðunina er, auk rofs, metið hvernig aðgengi er að svæðinu, hvernig yfirborð þess er m.t.t. þess hvernig er að fara um svæðið og hversu hátt það liggur yfir sjó. Þessir þættir eru metnir eftir kvarða sem nær frá 0 til 5, þar sem 0 er best (ekkert rof, gott aðgengi, auðvelt yfirferðar o.s.frv.) en 5 er verst (mjög mikið rof, mjög erfitt aðgengi o.s.frv.).

Tafla 31.1 Helstu rofsvæði í í sveitarfélaginu Hornafirði.

Svæði og forgangsröðun	Stærð	Rof	Aðgengi	Yfirferð	Hæð	Eignarhald*
Mjög brýnt						
Hólmsáráur	780 ha	4	1	2	1	E
Brýnt						
Landgræðslugirðing við Fagurhólsmýri	1.280 ha	3	1	3	1	E
Ekki brýnt						
Skógey	2.360 ha	2	1	3	1	E/R
Skeiðarársandur, austari hluti	61.600 ha	3-5	1	2	1	E/R

* Eignarhald: E einkaeign; R ríkiseign; S í eigu sveitarfélagsins

► **Landbrot**

Landbrot af völdum fallvatna er víða í sveitarfélaginu og hefur Landgræðslan unnið að vörnum gegn landbroti við allar helstu árnar. Má þar nefna Hornafjarðarfjót, Jökulsá í Lóni, Hólmsá, Hoffellsá, og Kotá í Örnæfum en mikið landbrot hefur verið við þessar ár. Minna landbrot er einnig við aðrar ár s.s. Laxá í Lóni, Mýganda, Laxá í Nesjum, Skaftafellsá o.fl.


► **Framtíðarsýn**

Í heild á litið er sveitarfélagið mjög vel stutt þegar kemur að stöðu vistkerfa. Þó eru möguleikar á að endurheimta vistkerfi allnokkrir, sérstaklega á Hólmsáráurum og í Örnæfum. Þar sem um er að ræða land í einkaeigu væri farsælast að styðja landeigendur til endurheimtar enda er forræði landsins á þeirra hendi. Styðja þarf vel við rannsóknir á Skeiðarársandi,

sérstaklega þær sem snúa að framvindu og þróun vistkerfa. Styðja þarf við að sáttt sé um sauðfjárbætt þannig að beit sé sjálfbær, sérstaklega á þetta við í sveitum nærri Höfn þar sem tiltölulega mikill fjöldi sauðfjábúa og sauðfjár er á litlu svæði.



Mynd 31.2 Rofsvæði: Hólmsáraurar og Skógey



Mynd 31.3 Rofsvæði: Skeiðarársandur og Landgræðslugirðing við Fagurhólsmýri

31.1 Aðgerðir vegna landgræðslu

Það er vilji sveitarfélagsins að vinna eftir ráðleggingum Landgræðslu ríkisins, sem skilgreinir verkefni á sviði landgræðslu og skógræktar með eftirfarandi hætti:

- ▶ Að auka fjölda BGL þátttakenda með áherslu á landeigendur í Öræfum.
- ▶ Að styðja í gegnum Landbótasjóð Landgræðslunnar landeigendur við uppgræðslu á Hólmsáraurum þannig að unnt sé að vinna á a.m.k 150 hekturum árlega.
- ▶ Að koma á framfæri fræðsluefni um sjálfbæra landnýtingu í samvinnu við sveitarfélagið og Búnaðarsamband Suðurlands með það að markmiði að sauðfjárbætur sé sjálfbær og búi við sem best skilyrði.

Skilgreind eru „rofsvæði“ – merkt RS á uppdrætti eru eftirfarandi, rofsvæðin sem Landgræðslan hefur skilgreint og gerð er grein fyrir hér að framan.

RS-nr.	Svæði
RS 1	Hólmsáraurar
RS 2	Landgræðslugirðing við Fagurhólsmýri
RS 3	Skógey
RS 4	Skeiðarársandur, austari hluti

31.2 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Skógræktar- og landgræðslusvæði er nýr landnotkunarflokkur. Í fyrra aðalskipulagi voru svæðin flest skilgreind sem landbúnaðarsvæði.

32 Óbyggð svæði (ÓB)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Óbyggð svæði (ÓB) : Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Fjalllendi í sveitarfélaginu, ofan við 300m (upp að jökli) er skilgreint sem óbyggð svæði – ÓB.

Skeiðarársandur og Breiðamerkursandur eru skilgreindir sem óbyggð svæði.

Jöklar í sveitarfélaginu eru auðkenndir með hvítri þekju á skipualgsuppdráttum. Þeir eru skilgreindir sem óbyggð svæði – ÓB.

32.1 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Breytingar á óbyggðum svæðum frá fyrra skipulagi eru stærstar þær að land yfir 300 m hæð og stór svæði á Breiðamerkursandi og Skeiðarársandi eru nú skilgreind sem óbyggð svæði, en voru áður landbúnaðarsvæði. Aðrar breytingar eru í samræmi við blæbrigðabreytingu í skilgreiningu landnotkunarflokksins.

33 Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN) : Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.

SN 1 – Hornafjarðarós og innsiglingin að Hornafjarðarhöfn, þar er gert ráð fyrir dýpkunaraðgerðum og sjóvörnum til að tryggja aðstæður.

33.1 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Sérstök not haf- og vatnssvæða er nýr landnotkunarflokkur. Innsiglingin að Hornafjarðarhöfn, um og innan við Hornafjarðarós er skilgreind í þennan flokk.

34 Vötn, ár og sjór (V)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Vötn, ár og sjór (V) : Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

Fjöldi vatnsfalla er í sveitarfélaginu. Vötn sem eru stærri en 1.000 m² njóta verndar skv. 37. gr. Náttúruverndarlaga nr. 44/1999 [57. gr. náttúruverndarlaga 60/2013].

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum mannvirkjum við vatnsföll, en heimilt er að reisa smávirkjanir allt að 200 kW að stærð.

Skipulagsmörk aðalskipulagsins eru 115 m út fyrir stórstraumsfjöru. Fyrir utan sjóvarnir við Hornafjarðarós og Jökulsá á Breiðamerkursandi er ekki gert ráð fyrir ákveðnum mannvirkjum við strandlengjuna eða í sjó. Vegna ágangs sjávar þarf að huga að landbroti og kann það að leiða til víðtækari mannvirkjagerðar.

Jökulárnar eru vatnsmiklar. Mikilvægt er að fylgjast með þróun þeirra og huga að aðgerðum til að verjast landbroti og ágangi þeirra. Fjölmargir varnargarðar hafa verið gerðir í sveitarfélaginu og gerir skipulagið ráð fyrir því að nýir varnargarðar eða stækkanir á þeim sem fyrir eru kunni að verða mótaðir á skipulagstímabilinu. Viðhald varnargarða og gerð nýrra varnargarða skal heimil skv. skilmálum hér að aftan.

Undanfarna áratugi hafa orðið miklar breytingar á umhverfi Jökulsár á Breiðamerkursandi og Jökulsárlóns, og óvissa er um þróun strandarinnar. Vegagerðin telur að erfitt verði að verja farveg Jökulsár og að vegstæðið þar kunni að verða í uppnámi innan skamms. Því geti verið nauðsynlegt að stífla núverandi útrás úr Jökulsárlóni og grafa ánni nýjan farveg austar á sandinum. Það mundi hafa afgerandi áhrif á þróun Jökulsárlóns og útlit svæðisins og ekki unnt að taka afstöðu til fyrr en að undangengnum margvíslegum rannsóknum á náttúru svæðisins.

34.1 Skilmálar fyrir vötn og sjó

- ▶ Ekki er heimilt að byggja nær vötnum, ám og sjó en 50 m. Óheimilt er að hindra leið fótgangandi meðfram þeim.

- ▶ Framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi Fiskistofu skv. lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.
- ▶ Samkvæmt 23. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd [21. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd] er öllum heimil för um vötn.

34.2 Skilmálar vegna varnargarða

- ▶ Varnir gegn landbroti eru heimilar þar sem landbrot ógnar nytjalöndum, mannvirkjum og gróðurlendum í samræmi við lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002 enda sé gætt að samráði við umráðahafa lands og eftir atvikum veiðifélag eða Fiskistofu. Landgræðsla ríkisins metur hvar þörf er á fyrirhleðslum til að draga úr eða koma í veg fyrir landbrot sem ógnar eða veldur tjóni á landi eða mannvirkjum.
- ▶ Bæjarstjórn tekur ákvörðun hverju sinni hvort þörf er á deiliskipulagi vegna nýrra varnargarða.

34.3 Skilmálar við smávirkjanir

- ▶ Heimilt er að byggja smávirkjun sem hafa uppsett rafafli sem er undir 200 kW. Við byggingu smávirkjana þarf að hafa í huga áhrif á vatnsfallið, aðra landnotkun, fiska og veiði, ásýnd og lífríki.

34.4 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Engar breytingar frá fyrra skipulagi.

35 Vatnsból (VB)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

6.2.21 Vatnsból (VB) : Svæði fyrir vatnsöflun, einkum brunnsvæði vatnsverndar.

Skilgreind eru 5 vatnsból í Aðalskipulagi Hornafjarðar.

VB-nr.	Svæði
VB1	Vatnsból við Rimavatn í Laxárdal þjónar Höfn, Nesjahverfi og bæjum í Nesjum
VB2	Vatnsból í Rauðabergsfjalli þjónar flestum bæjum á Mýrum
VB3	Vatnsból við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi
VB4 og VB5	Vatnsból við þjónustumiðstöð í Skaftafelli.

Á Hofi í Öræfum eru allir bæir tengdir vatnsveitu.

Á öðrum bæjum til sveita eru brunnar eða nálægar lindir nýttar.

35.1 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Vatnsbólum er fjölgað lítillega frá fyrra skipulagi – Skaftafell, Breiðamerkursandur.

36 Strandsvæði (ST)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Strandsvæði (ST) : Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.

Eftirtalin strandsvæði eru skilgreind í sveitarfélaginu:

- ▶ Fjörur í Lóni frá Bæjarósi, austur um Hvalnes, að Hvalnesskriðum.
- ▶ Fjara austan við Stokksnes, Hafnartangi, fyrir Horn að Papósi.
- ▶ Austurfjörur frá Hornafjarðarósi að Stokksnesi.
- ▶ Eyjar í Hornafirði og Skarðsfirði
- ▶ Suðurfjörur frá Hálsaósi að Hornafjarðarósi.
- ▶ Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, Fjallsárlón, fjara á Breiðamerkursandi.
- ▶ Fjara við Ingólfshöfða.

Á strandsvæðum skal heimilt að gera bílastæði og leggja göngustíga og aðstöðu fyrir útivistarfólk, svo sem snyrtingar, upplýsingaskilti og áningarstaði. Ekki er heimilt að byggja gististaði á strandsvæðum.

36.1 Breytingar frá fyrra skipulagi

- ▶ Nýr landnotkunarflokkur. Stór svæði á strandlengju sveitarfélagsins og svæði á Breiðamerkursandi skilgreind sem strandsvæði.

37 Varnar- og Öryggissvæði (VÖ)

Landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Varnar- og öryggissvæði (VÖ) : Svæði innan sveitarfélags þar sem utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála, sbr. 8.gr. skipulagslaga.

VÖ1: Stokksnes er varnar- og öryggissvæði, þar er ratsjárstöð í umsjá Landhelgisgæslunnar.

- ▶ Engar breytingar frá fyrra skipulagi, hét áður varnarsvæði.
- ▶

38 Takmarkanir á landnotkun

38.1 Náttúruvá (NV)

Takmarkanir á landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.


Náttúruvá (NV) : Svæði þar sem hættu er talin stafa af náttúruhamförum, svo sem snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða veðurfari (ofviðri).

- ▶ Engar breytingar frá fyrra skipulagi, en Veðurstofa Íslands vinnur að heildarhættumati vegna eldgosa á Íslandi og skipta niðurstöður þess verulegu máli fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð.
- ▶ Veðurstofa Íslands vinnur að forgreiningu á áhættumati vegna flóða samfara eldgosum undir Öræfajökli í samvinnu við Jarðvísindastofnun Háskólans og Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra, sem hluti af verkefninu um heildarhættumat vegna eldgosa á Íslandi. Fyrstu niðurstöður

verkefnisins: *Forgreining á áhættu vegna flóða samfara eldgosum - Öræfi* voru kynntar á íbúafundi í Hofgarði 11. desember 2013. Þar kom fram að stór svæði umhverfis Öræfajökul séu í hættu vegna flóða ef til eldsumbrota kemur í fjallinu. Veðurstofan mun birta skýrslu um verkefnið og niðurstöður þess á haustdögum 2014. Ekki liggur fyrir hvernig á að túlka gögnin með tilliti til skipulags, en þess má vænta að ákvarðanir stjórnvalda í framhaldi af útgáfu hennar gefi tilefni til eða skilyrði endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar fyrir svæðið - sbr. 5.3.2.18 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Tafla 38.1 Svæði undir náttúruvá í sveitarfélaginu

NV-nr.	Svæði	Ákvæði
NV 1	Áhrifasvæði stórhlaupsins á Skeiðarársandi árið 1996	Á þessu svæði skal mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna og veitna óheimil.
NV 2	Áhrifasvæði stórhlaupa úr Öræfajökli árin 1362 og 1727	Á þessu svæði skal mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna og veitna óheimil.
NV 3	Svæði framan og vestan við Kvíárjökul, þar sem ummerki eru eftir hamfarahlaup á forsögu- legum tíma	Á þessu svæði skal mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna og veitna óheimil.



Mynd 38.1 Svæði undir náttúruvá.



Veðurstofa Íslands

Öraefi
Eldgosahættumat
Svæði í hættu vegna flóða
samfara eldgosum
undir Óraefjökli

Flóðlíkan
Hættu-vegna flóða

Móti-ásvæði
Mök homursvæði


Svæði í hættu vegna flóða

* Ekki er búið við að það hljófi yfir allt svæðið samtími en mynd flóðlíka er notað til að sýna svæði sem eru í hættu vegna flóða samfara eldgosum undir Óraefjökli. Hættu-vegna flóða er notað til að sýna svæði sem eru í hættu vegna flóða samfara eldgosum undir Óraefjökli. Hættu-vegna flóða er notað til að sýna svæði sem eru í hættu vegna flóða samfara eldgosum undir Óraefjökli.

Hættu-vegna flóða er notað til að sýna svæði sem eru í hættu vegna flóða samfara eldgosum undir Óraefjökli. Hættu-vegna flóða er notað til að sýna svæði sem eru í hættu vegna flóða samfara eldgosum undir Óraefjökli.

Hættu-vegna flóða er notað til að sýna svæði sem eru í hættu vegna flóða samfara eldgosum undir Óraefjökli. Hættu-vegna flóða er notað til að sýna svæði sem eru í hættu vegna flóða samfara eldgosum undir Óraefjökli.

Mynd 38.2 Öraefi – Eldgosahættumat, svæði í hættu vegna flóða samfara eldgosum undir Óraefjökli. Veðurstofa Íslands – drög 2013.



Mynd 38.3 Öraefi – Svæði sem greining Veðurstofu Íslands nær til.

38.2 Hindranafletir flugvalla (HF)

Takmarkanir á landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Hindranafletir flugvalla (HF) : Svæði Svæði í nágrenni flugvallarsvæðis og á áhrifasvæði flugvallar sem háð er takmörkunum á hæð mannvirkja og gróðurs vegna flugtaks og lendingu sem settar eru í skipulagsreglum flugvalla.

Hindrunarfletir flugvalla - HF - eru merktir meðfram flugbraut Hornafjarðar-flugvallar, Fagurhólsmýrarflugvallar og flugvallar við Skaftafell.

- ▶ Nýr flokkur. Flugvellir fá þessa merkingu með tilheyrandi kvöðum skv. reglum flugmálayfirvalda.
- ▶ Hindrunarfletir flugvallanna eru sýndir á viðeigandi skipulaguppdráttum. Merkingarnar tákna að á flugvöllum og í næsta nágrenni þeirra gilda takmarkanir á umferð, og utan þeirra eru takmarkanir á leyfilegri hæð bygginga. Ekki eru til skipulagsreglur fyrir flugvöllina í sveitarfélaginu.

38.3 Friðlýst svæði (FS)

Takmarkanir á landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Friðlýst svæði (FS) : Svæði á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar skv. lögum þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgaðar og fólkvangar.


Friðlýstar náttúruminjar sem eru í sveitarfélaginu eru þjóðgarðar, friðlönd, náttúruvætti og fólkvangar. Mjög stór hluti sveitarfélagsins er friðlýst svæði og þar er Vatnajökulþjóðgarður langstærstur.

Suðursvæði Vatnajökulþjóðgarðs er að stærstum hluta innan sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þjóðgarðsmörkin fylgja jökuljaðrinum víðast hvar en á nokkrum stöðum ná mörkin lengra niður á láglandið. Mikil náttúrufegurð er á suðursvæði Vatnajökulþjóðgarðs og stór hluti svæðisins nýtur verndar af einhverju tagi vegna náttúrufars. Nálægð við jökulinn er mikil og mótast ásýnd svæðisins mjög af honum. Sögu sambúðar manns og náttúru í gegnum aldirnar er vert að varðveita og miðla. Ákveðin svæði innan marka suðursvæðis eru nýtt til sauðfjárbætur. Þar er einnig ýmis þjónusta fyrir ferðamenn og mest er framboðið í Skaftafelli. Veiðar eru stundaðar á suðursvæði þjóðgarðsins, bæði skotveiði og stangveiði. Áhersla verður lögð á að jafnvægi ríki á milli verndunar og nýtingar svo bæði náttúra og byggð eflist (Fræðasetur, 2010, bls. 20).

Tafla 38.2 Friðlýst svæði í sveitarfélaginu

FS-nr.	Svæði	Ákvæði
FS 1	Vatnajökulþjóðgarður	Stærð tæplega 14.000 km ² . Sjá stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulþjóðgarðs.
FS 2	Lónsöræfi eru friðland	Stærð 32.000 ha. Auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 31/1977.
FS 3	Díma í Lóni er friðlýst sem náttúruvætti	Stærð 8 ha. Auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 523/1975.
FS 4	Ósland er friðlýst sem fólkvangur	Stærð 15 ha. Auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 427/1982.
FS 5	Salthöfði og Salthöfðamýrar er friðland	Stærð 220 ha. Auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 249/1977.
FS 6	Ingólfshöfði er friðland	Stærð 90 ha. Auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 388/1978.
FS 7	Háalda er friðlýst sem náttúruvætti	Stærð 5 ha. Auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 519/1975.

- ▶ Almennir skilmálar skv. 63. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 eru að friðlýstum náttúruminum má enginn granda, spilla né breyta. Sjá einnig ákvæði í auglýsingum um friðlýsingu viðkomandi svæða.
- ▶ Breytingar á aðalskipulagi eru vegna Vatnajökulsþjóðgarðar og Esjufjöll í Breiðamerkurjökli, sem lýst voru friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1978, eru nú hluti Vatnajökulsþjóðgarðs.



38.4 Önnur náttúruvernd (ÖN)

Takmarkanir á landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Önnur náttúruvernd (ÖN) : Svæði á náttúruminjasrá, þ.m.t. svæði í náttúruverndaráætlun, jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

Í töflu 38.3 er yfirlit yfir svæði á náttúruminjasrá í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Um svæði vaxin birkiskógum- og kjarri, og fleiri vistkerfi og jarðmyndanir, gilda ákvæði náttúruverndarlaga.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta ákveðnar jarðmyndanir og vistkerfi sérstakrar verndar.

- Eldvörp, gervigígar og eldhraun.
- Stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri.
- Mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri.
- Fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri.
- Sjávarfítjar og leirur.

Stærsti hluti þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem þetta á við í Sveitarfélaginu Hornafirði falla þegar undir ákvæði friðlýsingar, annarrar náttúruverndar eða hverfisverndar sveitarfélagsins.

Tafla 38.3 Önnur svæði á náttúrminjaskrá í sveitarfélaginu

ÖN-nr.	Nr. í NMS	Ákvæði
ÖN 1	nr. 626	Lónsfjörður og Hvalnes. (1) Fjörur og grunnsævi í Lónsfirði öllum ásamt votlendi utan ræktaðs lands, milli fjarðar og Jökulsár auk jarðarinnar Hvalness í Lóni. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingamikill viðkomustaður farfugla. Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi við Hvalnes.
ÖN 2	nr. 627	Þórisdalur. (1) Land jarðarinnar Þórisdals í Lóni vestan þjóðvegjar. Að sunnan fylgja mörk Laxá, síðan hreppamörkum að Lambatungujökli, en að norðan fylgja mörk Skyndidalsá og Jökulsá. (2) Fjölbreytt og litríkt landslag. Dalsskógur í norðanverðum Laxárdal. Fjölsótt útivistarsvæði.
ÖN 3	nr. 653	Fjalllendið utan Skarösdals. (1) Fjallendið utan við Skarösdal. (2) Fagurt fjallendi með margvíslegum bergtegundum. Í Vesturhorni finnst bæði granófyrr og gabbró.
ÖN 4	nr. 628	Laxárdalur (í Nesjum). (1) Laxárdalur að meðöldum malarkambi í dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. (2) Dalur með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötn. Talsvert fuglalíf.
ÖN 5	nr. 629	Skarösfjörður (ásamt Álaugarey). (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarösfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.
ÖN 6	nr. 630	Baulutjörn á Mýrum. (1) Baulutjörn á Mýrum. (2) Óvenju lífrík tjörn, mikið fuglalíf.
ÖN 7	nr. 631	Umhverfi Hoffellsjökuls. (1) Viðborðsdalur norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkurheiði austur að línu úr Selhvammi um Svínafellsfjall í Miðfell. Til norðurs ráða vatnaskil inn að Goðaborg. (2) Stórbrotið landslag umhverfis skriðjökul. Kjarrlendi, jarðhitavottur er í Vandræðatungum. Jaðarlón framan við Svínafellsjökul, minjar um hopun jökuls. Djúpberg í Svínafellsfjalli og Geitafelli.
ÖN 8	nr. 654	Heinabergsfjöll – innan Vatnajökulspjóðgarðs. (1) Svæðið á milli Heinabergsjökuls og Fláajökuls. Til austurs ræður lína frá enda Hafrafellsáss norðaustur um Heiðna að hæsta punkti Jökulfells. (2) Stórbrotið landslag með sérkennilegum móbergstindum í Heinabergsfjöllum, jökullón og jarðhiti í Vatnsdal og birkikjarr í Heinabergsdal.

ÖN-nr.	Nr. í NMS	Ákvæði
ÖN 9	nr. 632	Skálafellsjökull og fjallendi í Suðursveit. (1) Mörk svæðisins eru frá Litlafelli í Hafrafell (1008 m hæðarpunkt), þaðan í Kistugil, um Bæjarhlíðar og eftir Smyrlabjargará yfir Borgarhafnarheiði í Svínadal. Eftir Staðardal suður fyrir Hrafnagil og Kálfafellstind um Kálfafellsdal í Brókarjökul. (2) Stórbrotið landslag, jarðmyndanir svo sem jökulminjar og gabbróhnungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1100-1300 m hæð.
ÖN 10	nr. 633	Steinadalur og Staðarfjall. (1) Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjallendi. Að suðaustan fylgja mörk þjóðvegi, frá Steinavötnum að Steinafjalli, en að öðru leyti ráða vatnaskil. (2) Stórbrotið landslag með háum fjöllum, þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, þ.e. Klukkugili, og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli.
ÖN 11	nr. 634	Hrollaugseyjar. (1) Þrjár smáeyjar. (2) Eyjar í hlýjasta hluta sjávar við landið, en nálægt skörpum hitaskilum. Klettafjörur, nánast þær einu á mjög stóru svæði.
ÖN 12	nr. 635	Breiðamerkursandur, Jökulsárlón, jökulöldur við Kvíárjökul og Eystrihvammur. (1) Jökulsárlón á Breiðamerkursandi, sandurinn milli Vestari-Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til fjöru. Kvíarmýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul, þá Eystrihvammur allur ásamt stöðuvatni í botni hans. (2) Jökulsárlón er þekktasta jaðarlón á landinu. Kvíarmýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul eru einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu. Eystrihvammur er kjarri vaxinn með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf og selir.
ÖN 15	nr. 636	Hamrar milli Gljúfursár og Salthöfða. (1) Hamrabelti ofan flugvallar við Fagurhólsmýri, frá Gljúfursá að Salthöfðafriðlandi. (2) Sérkennilegir blágrýtishamrar, sérstætt náttúrufar.
ÖN 13	nr. 637	Svínafellslögin. (1) Sandsteinslög neðarlega í vestanverðu Svínafellsfjalli. (2) Vatnasetlög með blaðförum frá hlyskaiði ísaldar.
ÖN 14	nr. 638	Stóralda. (1) Aldan sjálf, svo og um 50 m belti umhverfis. (2) Forn, algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul.

Samkvæmt 39. gr. náttúruverndarlaga njóta birkiskógar ákveðinnar verndar þar sem Umhverfisstofnun skal ásamt Skógrækt ríkisins vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum og skógum til útivistar. Í stefnumörkun stjórnvalda „Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020“ kemur fram að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi á Íslandi. Í sveitarfélaginu eru víða birkiskógar s.s. Bæjarstaðaskógur sem er einn af elstu birkiskógum landsins og í landi þjóðgarðsins, við Hoffellsfjöll sem er einnig innan þjóðgarðs, í Stafafellsfjöllum og á Steinadal.

- ▶ Kvaðir vegna 37. gr. náttúruverndarlaga eru að forðast skal röskun þessara jarðmyndana og vistkerfa eins og kostur er.
- ▶ Sundurliðun í friðlýst svæði og aðra náttúruvernd er ný en breytir ekki umfangi eða fjölda þessara svæða frá fyrra aðalskipulagi.

38.5 Svæði á náttúruverndaráætlun

Samkvæmt þingsályktun (2010) um náttúruverndaráætlun 2009-2013 er stefnt að friðlýsingu eftirfarandi svæða í Sveitarfélaginu Hornafirði:

Plöntusvæði: Steinadalur í Suðursveit, sem verður hluti af Vatnajökulspjóðgarði. Stærð 5.106 ha. Vegna gróðurfars og sjaldgæfra plantna en svæðið er jafnframt merkilegt vegna stórbrotins landslags og hrikalegs gljúfurs. Markmið að treysta friðun sjaldgæfra tegunda og styðja við friðlýsingar einstakra plöntutegunda.

Dýrasvæði: Undirhlíðar í Nesjum. Stærð 19.980 ha. Verndarsvæði fyrir smádyr/hrygggleysingja, búsvæði tröllasmiðs. Tröllasmiður er stærsta bjöllutegund sem finnst á Íslandi og um leið eitt stærsta skordýrið. Takmörkuð útbreiðsla á suðurhluta landsins og eru sjaldgæfar. Ástæða talin til að friða og vernda búsvæði.

- ▶ Sveitarfélagið Hornafjörður mun skoða verndun þessara svæða í samráði við Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarð.

38.6 Minjavernd (MV)

Takmarkanir á landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Minjavernd (MV) : Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar, friðuð hús og þekktar minjar eldri en 100 ára sem ákveðið hefur verið að setja takmörkun á landnotkun um að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands.

38.6.1 Fornleifar

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Þar sem ekki liggur fyrir skráning á öllu sveitarfélaginu er í skipulaginu tilgreint hvað teljist til fornleifa skv. 3. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar:

- a) Búsetulandslag, skróðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af

verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum.

- b) Vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri.
- c) Tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.
- d) Vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra.
- e) Virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum.
- f) Þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð.
- g) Áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum.
- h) Haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið.
- i) Skipsflök eða hlutar þeirra.

38.7 Minjavernd í aðalskipulagi

Í sveitarfélaginu hefur ekki farið fram heildarskráning fornminja. Fyrir liggur skráning á afmörkuðum svæðum, s.s. þar sem áform eru um mannvirkjagerð. Til er skráning fyrir mörg svæði þar sem ráðgert er að ráðast í mannvirkjagerð s.s. vegstæði vegar um

Hornafjarðarfliót, Skaftafell og byggðar á Höfn. Ekki er talin þörf á skráningu fornleifa vegna stækkunar hafnarinnar, efnistöku í árfarvegum og við ströndina, þar sem engar minjar er þar að finna vegna ágangs sjávar og fallvatna.

Sveitarfélagið mun í samráði við Minjastofnun Íslands vinna að skráningu fornleifa á skipulagstímabilinu. Skráningu verður áfangaskipt og svæðum þar sem áform eru um mannvirkjagerð forgangsraðað fremst, t.d. þar sem áform eru um uppbyggingu miðstöðva og lykilstaða vegna ferðaþjónustu.

Minjavernd er skilgreind á eftirfarandi stöðum:

MV-nr.	Staður	Lýsing
MV 1	Bær	Naust
MV 2	Stafafell - Böðvarsholt	Bæjarstæði
MV 3	Syðri-Fjörður	Papatættur
MV 4	Hólmur / Laxárdal	Bæjarstæði / kuml
MV 5	Borg - Borgarklettur	Leifar af tóft
MV 6	Heinaberg – undir Heinabergsfjalli	Grjótrúst
MV 7	Borgarhöfn	Verbúðir
MV 8	Hnappavellir	Bæjarstæði
MV 9	Bær	Bæjarrúst, uppgröftur
MV 10	Gröf / Hof	Bæjarstæði
MV 11	Hof	Sýruker
MV 12	Hof / Sandfell	Verbúðir og naust
MV 13	Skaftafell	Sel og tvær hlöður

Sveitarfélagið hefur skilgreint hverfisvernd fyrir fjölmargar menningarminjar, sbr. kafla 38.9.3.

38.7.1 Skilmálar vegna menningarminja

- ▶ Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar (sjá kafla 38.6.1) má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar.
- ▶ Sveitarfélagið Hornafjörður mun ljúka við fornleifaskráningu í öllu sveitarfélaginu fyrir árið 2030. Sveitarfélagið mun gera áætlun um skráningu í samráði við Minjastofnun Íslands. Svæðum þar sem áform eru um framkvæmdir verði forgangsraðað fremst.

38.8 Vatnsvernd (VV)

Takmarkanir á landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Vatnsvernd (VV) : Svæði sem njóta verndar í samræmi við vatnaáætlun eða ákvæði reglugerða er varða vatnsvernd og mengun vatns.

Gerðar eru breytingar á vatnsverndarsvæðum frá gildandi skipulagi, og sveitarfélagið leggur jafnframt fram áætlun um aðgerðir sem það mun vinna eftir á skipulagstímabilinu.

Fimm vatnsverndarsvæði eru skilgreind:

VV-nr.	Svæði
VV1	Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði fyrir vatnsból við Rimavatn í Laxárdal.
VV2	Brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði fyrir vatnsból í Rauðabergsfjalli.
VV3	Brunnsvæði við vatnsból á Breiðamerkursandi.
VV4 og VV5	Brunnsvæði og grannsvæði við tvö vatnsból í Skaftafelli.

38.8.1 Skilmálar vatnsverndar

Samkvæmt reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns gildir eftirfarandi um brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

Grannsvæði. Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar skal taka tillit til jarðvegspekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði skal banna notkun á hættulegum efnum og birgðageymslu slíkra efna. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarþústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins en liggur utan þess lands sem telst til brunnsvæða og grannsvæða. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna sem talin eru upp í II. flokki. Stærri geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli varðandi umferð

á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja.

Auk þess skal:

- ▶ Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

38.8.2 Aðgerðir vegna vatnsverndar

- ▶ Sveitarfélagið mun forgangsraða aðgerðum á þeim svæðum þar sem uppbygging verður vegna ferðapjónustu eða matsvælaframleiðslu. Síðan verður litið til einkavatsnbóla og lagt mat á stöðu þeirra og þörf á afmörkun vatnsverndarsvæða.
- ▶ Við aðgerðir verður stuðst við vinnu Umhverfisstofnunar við mótun Vatnaáætlunar.
- ▶ Samræma skal aðalskipulagsáætlun, ef við á, vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

38.9 Hverfisvernd (HV)

Takmarkanir á landnotkun skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Hverfisvernd (HV) : Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Hverfisvernd er beitt í þrennum tilgangi í skipulaginu:

- ▶ Til að vernda votlendi.
- ▶ Til að vernda landslag.
- ▶ Til að vernda búsetuminjar.

38.9.1 Votlendi - hverfisvernd

Í Lóni er sett hverfisvernd á Krossaland.

Ákvæði hverfisverndarinnar eru:

- ▶ Framræsla votlendis á svæðunum er óheimil.
- ▶ Óheimilt er að losa spilliefni og annan úrgang á svæðunum.

38.9.2 Landslag - hverfisvernd

Skipulagið setur hverfisvernd á svæði í fjalllendi milli Lóns og Nesja og svæði á jökulaurum á ofanverðum Mýrum og Kolgrafardal til að tryggja heildaryfirbragð ósnortinnar víðáttu með frumstæðum vegslóðum og eðlilegu náttúrulegu gróðurfari.

Ákvæði hverfisverndarinnar eru þessi:

- ▶ Forðast ber útbreiðslu framandi landgræðslujurta. Við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna landgræðslu verði þessa gætt og samráð haft við Landgræðslu ríkisins og/eða Náttúruvernd ríkisins. Markmiðið er að tryggja eðlilega framvindu gróðurs og vistkerfisins alls.
- ▶ Óheimilt er að losa spilliefni og annan úrgang á svæðunum.

38.9.3 Búsetuminjar - hverfisvernd

Eftirtaldar búsetuminjar eru settar undir hverfisvernd.

a) Staðir og minjar, af fornleifalista sem tekinn var saman í svæðisskráningu fornminja í Sveitarfélaginu Hornafirði.

• Bær	landnámsjörð	
• Vík	Hvekkur	völvuleiði
• Stafafell	Borgarhólar	fjárborg
• Stafafell	Smiðjunes	býli
• Víðidalur	Grund	býli
• Syðri-Fjörður	Papósklif	papatættur
• Horn	Hafnartangi	verskálar
• Horn	Kolbeinshellir	bústaður
• Horn	veggheðsla / landnámsbær ?	
• Þinganes	Gálgaklettur	aftökustaður
• Skarðsfjörður	Garðey	garður
• Hafnarnes	Gamlibær	bænhús / völvuleiði
• Hólar	Geithellar	beitarhús / fjárrétt
• Árnanes	Prestskrókur	þjóðsaga
• Laxárdalur	Hólmur	kuml
• Meðalfell	Haukabergr	beitarhús
• Brekkubær	Virki	tættur / þjóðsaga
• Bjarnanes	kirkjugarðar	
• Bjarnanes	Kolbeinsleiði	
• Bjarnanes	Taðhóll	býli
• Hoffell	Golbíludhjalli	silfurbergsnáma
• Hoffell	Lambatungnaá	gangnamannakofi
• Svínafell	kirkjugarður / bænhús /	vatnsleiðsla
• Rauðaberg	Grjóthús	fjárhús / þjóðsaga
• Holtar	Klumbey	skipalægi / fjárrétt
• Holtar	Þjófaskarð	þjóðsaga
• Holtar	Halaklettur	þingstaður
• Brunnhóll	Þingaskálahólar	þingstaður
• Einholt	Hafnargarðar	verslun
• Einholt	Völvulág	völvuleiði
• Borg	Háholt	rústir

• Borg	Ölkelduhóll	ölkelda
• Borg	Goðaborg	aftökustaður
• Skinney	Skinneyjarvík	útræði
• Flatey	Borgir	beitarhús/varnargarðar
• Flatey	Smjörhólmar	áningarstaður
• Skálafell	Sel	býli/sauðahús
• Uppsalar	Völvulág	völvuleiði
• Hestgerði	Lafranshellir	þjóðsaga
• Hestgerði	Kambstún	verskálar
• Hestgerði	Hálsar	útræði
• Borgarhöfn	Skjólhraun	bæjarrústir
• Borgarhöfn	Oddnýjarklettur	huldufólksbyggð
• Kálfafellsstaður	Butra	hjáleiga
• Kálfafellsstaður	Hellaklettur	völvuleiði
• Staðarfjall	Rannveigarhellir	þjóðsaga
• Hali	Helghóll / Helgaleiði	þjóðsaga
• Gerði	Gvendarbrunnur	brunnur
• Gerði	Borgarhvamur	fjárborgir
• Steinadalur	Vindás	rústir
• Reynivellir	Leitin	hestarétt / beitarhús
• Reynivellir	Hólaskjól	skjólgarður
• Fell	rústir	
• Kvísker	Sveinsvarða	varða
• Hnappavellir	Tumás	þjóðsaga
• Hnappavellir	Ekra	völvuleiði
• Fagurhólsmýri	Bær	bæjarstæði
• Hof	Gröf	bær
• Sandfell	kirkja	
• Svínafell	Flosahellir	þjóðsaga
• Svínafell	Blesaklettur	þjóðsaga
• Skaftafell	Þjófafoss	þingstaður?
• Ingólfshöfði	"bústaður Ingólfs" / verskálar / skipalægi	
• Jökulfell	landnámsjörð	

b) Staðir og minjar, mikilvægir fyrir byggingarsögu.

- | | | |
|---------------------------------|---------------------------------------|----------------|
| • Hof | torfkirkja | |
| • Hof | torfbær | |
| • Hnappavellir | torfbær | |
| • Fell / Fellsskjól | fjárskjól / heybyrgi | |
| • Vagnstaðir | steinhús / bæjarhlað | |
| • Skálafell - Heinabergsvötn | | brú / bílvegur |
| • Hólmsá | gamli varnargarðar | |
| • Grjótá | hlaðinn varnargarður | |
| • Endalausidalur / Efri-Fjörður | | rústir af seli |
| • Papós / Syðri-Fjörðurrústir | verslunarstaðar | |
| • Volasel | rústir torfbæjar | |
| • Krossaland | rústir torfbæjar | |
| • Stafafell | bæjarhlað / trjagarður / kirkjugarður | |
| • Stafafell | kirkja / timburhús | |
| • Víðidalur | rústir torfbæjar | |
| • Eskifell | rústir torfbæjar | |
| • Valskógsnes | rústir torfbæjar | |
| • Arasel | rústir af seli | |
| • Seldalur / Selalda | rústir af seli | |
| • Bæjardalur | rústir af seli | |
| • Bær | steinhús / bæjarhlað | |

Ákvæði hverfisverndarinnar eru:

- ▶ Óheimilt er að raska eða eyða minjunum.
- ▶ Óheimilt er að losa spilliefni og annan úrgang við minjarnar.
- ▶ Hverfisvernd (HV) er óbreytt frá fyrra skipulagi nema þar sem svæði eða hlutar þeirra hafa verið innlimuð í Vatnajökulsþjóðgarð.

39 Umhverfismat Aðalskipulags Hornafjarðar

Umhverfismat vegna Aðalskipulags Hornafjarðar 2014-2030 hefur nýst til þess að skilgreina helstu umhverfisáhrif nýrrar stefnu og meta vægi þeirra. Áhersla matsvinnu var á möguleg umhverfisáhrif nokkurra valkosta í vegasamgöngum, þ.á.m. breytingu á legu Hringvegur, byggðapróun, efnistöku í sveitarfélaginu, stækkun Faxeyrarhafnar og uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þá voru úrgangs- og fráveitumál skoðuð en sveitarfélagið stefnir á gerð framkvæmdaráætlunar í samvinnu við heilbrigðisyrivöld. Þá leggur stefna skipulagsins upp með aðgerðir í meðhöndlun úrgangs, sem ásamt framkvæmdum í fráveitu koma til með að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum byggðar.

Fjölmörg verndarsvæði eru í sveitarfélaginu og var ýtarlega fjallað um þau og sú umfjöllun lögð til grundvallar vinnu við stefnumótun aðalskipulagsins. Ríkt tillit var tekið til verndarsvæða og framkvæmdir að mestu staðsettar utan verndarsvæða. Í því skyni að stýra umferð ferðamanna og uppbyggingu hafa verið skilgreindir ákveðnir staðir sem ákveðið hefur verið að leggja áherslu á varðandi markaðssetningu og uppbyggingu. Þar með verður dregið úr umhverfisáhrifum og náttúruspjöllum vegna óskipulagðrar ásóknar ferðamanna.

Framkvæmd aðalskipulagsins mun hvort tveggja valda neikvæðum og jákvæðum áhrifum. Í flestum tilfellum er um staðbundin áhrif að ræða. Umfangsmestu neikvæðu

umhverfisáhrifin snúa að ásýnd, landslagi og lífríki vegna uppbyggingar Faxeyrarhafnar, vegar um Hornafjarðarfljót og færslu vegar við Jökulsárlón. Mat á áhrifum framkvæmda við Jökulsárlón er þó bundið nokkurri óvissu þar sem á skortir rannsóknir á náttúrufari og lífríki fyrir svæðið.

Veigamestu jákvæðu áhrif aðalskipulagsins eru fólgin í öruggari samgöngum, styttingu vegalengda og öflugu atvinnulífi í tengslum við sjávarútveg og ferðaþjónustu.

Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við áætlanir stjórnvalda, lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga og skuldbindingar.

40 Heimildir

Saga Hafnar í Hornafirði. Fyrri bindi 1997, Hornafjarðarbær. Síðara bindi 2000, Sveitarfélagið Hornafjörður. Arnþór Gunnarsson.

Byggðasafn Skagfirðinga, 2006. Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar við Hornafjarðarfljót. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Edda Linn Rise og Margrét Hallmundsdóttir. 2006/53, september.

Ferðamálastofa, 2013. Ferðaþjónustu á Íslandi í tölum, apríl 2013. Samantekt: Oddný Þóra Óladóttir.

Fræðasetur HÍ á Hornafirði, 2010. Verndaráætlun Suðursvæðis Vatnajökulþjóðgarðs. Tillögur ráðgjafa. Höfn, apríl 2010.

Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson, 2013. Minnisblað vegna aðalskipulags Hornafjarðar. 1. mars 2013.

Hagstofan, 2013. Upplýsingar af heimasíðu Hagstofunnar, www.hagstofan.is. Efni sótt júní, júlí, ágúst og september 2013.

Hornafjörður, 2013. Meðhöndlun úrgangs árin 2010 og 2011. Tölvupóstur dags. 1. mars 2013.

Vegagerðin, 2013. Upplýsingar af heimasíðu Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is. Efni sótt september 2013.

Þingsályktun, 2010. Um náttúruverndaráætlun 200-2013. 138. Löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 654. Samþykkt á Alþingi 2.2 2010.

Þorvarður Árnason, 2013. Tölvupóstur: Aðalskipulag Hornafjarðar, 11. Janúar 2013.

Veðurstofa Íslands 2014. Tölvupóstur: Hornafjörður náttúruvá, 21. febrúar 2014.